

ÁGÚSTA EVA DAUÐPREYTT
EFTIR EUROVISION
SLAPPAR AF Á GRÍSKRI EYJU



GUMMI JÓNS ÚR SÁLINNI
TRÚIR Á FYRIRGEFNINGUNA
OG MEÐ NÝJA PLÖTU



hér & nú

Fimmtudagur 25. maí 2006 - 20. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur



Nýtt líf!

IDOLSTJARNAN

GÍSLI HVANNDAL (20)

„Ég vildi gera þetta til
þess að koma mér á
framfæri í tónlistinni“

EYRÚN ÚR KASTLJÓSINU
ALSÆL Á LAUSU

LÉT MINNKA

Á SÉR MAGANN

FLOTTASTA PARTÍ ÁRSINS

„MIG LANGADI
BARA Í HANN“



ÞESSUM ER BODIÐ - ALLUR GESTALISTINN

ISSN 1670-598X





Vectavir á frunsuna

Handhæg vörn, þægileg í veskið.



**Fæst án
lyfseðils!**

Viltu losna við frunsuna?

Vectavir verkar frá byrjun einkenna.

Vectavir verkar einnig á blöðrur.

Vectavir á 2 klst. fresti í 4 daga.

Vectavir krem 2 g án lyfseðils.

Vectavir... í veskið!

Vectavir krem er áhrifaríkt lyf til meðferðar á frunsu af völdum Herpes Simplex. Vectavir virkar á öllum stigum frunsunnar frá stingi eða æðasláttar til blöðru. Í Vectavir er virka efnið penciclovir sem stöðvar framgang veirunnar. Vectavir er ætlað fullorðnum og börnum eldri en 12 ára. Berið Vectavir á frunsusvæðið á 2 klst. fresti í 4 daga. Berið á rétt fyrir svefn og um leið og vaknað er. Dæmigert er að frunsa komi fram við ofreyfingu, kvef eða influensu eða í mikilli sóli (t.d. á skíðum). Ekki á að nota lyfið ef að áður hefur komið fram ofnæmi fyrir penciclovir, famciclovir eða öðrum innihaldsefnum. Með Vectavir grær frunsan hraðar, verkir minnka og smittitími styttest. Vectavir kremið 2 g fæst án lyfseðils. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.



Ferð þú til **Rómar**

í boði Nicotinell og Lyfju?

Enn er tími til að skrá sig í átakið **Viðbúin, tilbúin, stopp** og slást í hóp þeirra rúmlega 800, sem þegar eru hættir eða hafa tekið ákvörðun um að hætta að reykja. Farðu inn á **vidbuin.is** og kynntu þér málið nánar. Heppinn þátttakandi vinnur lúxusferð til Rómar fyrir tvo og það gæti hæglega verið þú ef þú skráir þig í átakið, og ert sannanlega reyklauss 31. maí (**reyklausa daginn**), en þá verður Rómarferðin dregin út.



Skelltu þér á **vidbuin.is**
og skoðaðu málið nánar!

Nicotinell®

 **LYFJA**

Sumartilboð
25%
afsláttur*



Bragðbetta í bragðprófun¹⁾

Nýjung! Nicorette Fruitmint

Við fylgjum nú eftir þeim vinsældum sem nýja kynslóðin af Nicorette nikótíntyggigúmmíi hefur aflað sér og kynnum nýja bragðtegund - Nicorette Fruitmint.

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

Lestu meira á nicorette.is



*Meðan birgðir endast

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetta nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leiðir til læknis eða lyfjafreðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt hellablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

hér & nú



11

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Parti ársins:
Gestalistinn úr Coke-partíinu.
8 Silvía Nótt:
Í afslöppun á grískri eyju.
10 Marta María:
Lætur allt gossa.
11 Eyrún Magnúsdóttir:
Alsæl á lausu.
12-13 Ólafur Gaukur:
tekur upp plötu Friðriks Ómars
og Guðrúnar Gunnars.
14-17 Innlendir molar: Fréttir af
íslensku fólki og því sem það
hefur fyrir stafni.
18-19 Hvað er að fréttu af
Pálma Gunnars.
20 Dorrit: Falleg á
margæsadeginum.
22-25 Erlendar fréttir: Heitasta
slúðrið úr Hollywood-hæðum.

LÍFSSTÍLL

27 Snorri Idolstjarna: Afhendir
Barnaspítala Hringsins ávísun.
28-29 Ungfrú Ísland.
30-31 Helgin með Hér & nú.
32-33 Viltu finna milljón.
34-35 Bjargráð Berglindar.
35-37 Bransasagan: Bergsveinn
Arelíusson rifjar upp góða tíma.
38 Taktu prófið.
40-41 Fataskápurinn: Marsibil
Sæmundardóttir.
42-43 Snooze-myndband: Hér
& nú fylgdist með gerð nýja
myndbandsins.

ALVÖRU FÓLK

45 Anna Björg Björnsdóttir:
Datt í lukkupottinn.
46-47 Andrew Mwesigwa:
Fyrirliði frá Úganda hjá ÍBV.
48-49 Sirrý segir:
Hugarfarið skiptir máli.
50-51 Helgi Már Björnsson:
Pípari á rándýrum Porsche.
52-56 Gísli Hvanndal:
Fór í magaminnkun.
58-59 Lay Low:
Krúttið með kassagítarinn.
60-61 Gummi Jóns:
Gefur út aðra sólóplötu.
62 Grínarnarnir Oddur og Rökkvi:
Gáfu Hjúkrunarheimilinu Eir
ágóðann af uppistandi.
64 Spurðu vin þinn: Skemmtileg-
asta spurningakeppni í heimi.
65 10 hlutir sem þú vissir ekki
um Oddnýju Sturludóttur.
66 Krossgáta vikunnar.



52-56



18-19



60-61



12-13



Coke-partíið um næstu helgi verður flottasta parti ársins

HVERJUM ER BOÐIÐ?

Laugardaginn 27.maí verður flottasta parti ársins haldið í Iðuhúsinu við Lækjargötu. Er partið í boði Coca-Cola Europe, en fyrirtækið heldur svona teiti árlega og í ár verður það á Íslandi. Mikil leynd hefur legið yfir partiinu en um 300 manns er boðið. Allt er gert til þess að upplifunin verði sem mest, en aurarnir skipta minna máli. Hér & nú hefur áður greint frá partiinu en nú komst blaðið yfir gestalistann. Um er að ræða tæplega 200 nöfn og því vantar öll erlendu nöfnin auk nokkurra íslenskra. Ljóst er að ekkert verður til sparað en þema kvöldsins er einfalt: Svart. Sápunar á klósettunum og kertin verða svört og tóna líklega vel við rauða dregilinn í anddyrinu. Það verður hrúga af dyravörðum og einn risastór yfirdyavörður þannig að menn komast ekki upp með neitt múður. Þeim sem er boðið fá persónulega afhentan sérútskorinn kristal sem smíðaður var í Kína. Þeir sem ekki hafa kristal, fá ekki inngöngu. Sama hver það er.

Um tuttugu gellur með líkamsmálningu munu þjóna gestum veislunnar og stelpurnar úr Ungfrú Íslandi munu einnig mæta. Valið á boðsgestum veislunnar virðist vera einfalt, ekki of mikið af strákum og skilyrðið er að vera kúl. Hér til hliðar má sjá gestalistann. Góða skemmtun.

Boðslistinn

Hér & nú komst yfir listann yfir boðsgesti í parti ársins.



Þeim sem er boðið

Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður
Ari Magg, ljósmyndari
Ari Malmquist, bóhem
Arnar Gunnlaugsson, knattspyrnumaður
Arnar Laufdal, framkvæmdastjóri
Arnór Bohic, skemmtanastjóri
Atli Bollason, tónlistargagnrýnandi
Ágústa Eva Erlendsdóttir, söngkona
Alfrún, tiskublaðamaður
Árni Plúseinn, Hairdoctor
Árni Þór Vigfússon, framkvæmdastjóri
Ása Ottesen, stílisti
Ásta Andrésdóttir, blaðamaður
Baddi í Jeff Who, tónlistarmaður
Baltasar Kormákur, leikstjóri
Bergdís, flugfreyja
Bergsteinn Sigurðsson, blaðamaður
Biggi Bix, tónlistarmaður
Biggi í Maus, tónlistarmaður
Bjarki Gunnlaugsson, knattspyrnumaður
Bjarnólfur Lárusson, knattspyrnumaður
Björgulfrur Takefusa, knattspyrnumaður
Björn Jörundur Friðbjörnsson, tónlistarmaður
Björn Thors, leikari
Borghildur Gunnarsdóttir, blaðamaður
Bubbi Morthens, tónlistarmaður
Búi Bendtsen, útvarpsmaður
Börkur Sigþórsson, ljósmyndari
Daniel Atlason, auglýsingamógúll
Davið Þorláksson, löfgræðiráðgjafi
Denni Kragh, umboðsmaður
Dóra Takefusa, framkvæmdastjóri
Dr. Gunni, tónlistargagnrýnandi
Egill „Gizenegger“, sjónvarpsmaður og einkabjálfi
Eiður Smári Guðjohnsen, knattspyrnumaður
Einar Bárðarson, umboðsmaður
Einar Þorsteinsson, sjónvarpsfréttamaður
Elly Ármannsdóttir, þula og framkvæmdastjóri
Elma Lís Gunnarsdóttir, leikari
Emiliana Torrini, tónlistarmaður
Freyr Bjarnason, blaðamaður
Freyr Gígja Gunnarsson, blaðamaður
Frosti Logason, tónlistarmaður
Gaukur Úlfarsson, kvikmyndagerðarmaður
Garðar Gunnlaugsson, knattspyrnumaður
Gestur Páll Reynisson, rekstrarstjóri Kaffibarsins
Gísli Galdur, plötusnúður
Glúmur Baldvinsson, sjónvarpsfréttamaður NFS
Guðfinnur G. Sigurvinsson, sjónvarpsfréttamaður
Guðjón Rúnarsson, bankamaður
Guðmundur Arnar Guðmundsson, markaðsstjóri
Guðmundur Gíslason, markaðsstjóri B&L
Guðmundur Hörður Guðmundsson, fréttamaður á Sjóvarpinu
Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir, sjónvarpskona
Gustavo Blanco, listamaður

Hálf dán Steinþórsson, sjónvarpsmaður
Helga Arnardóttir, sjónvarpsfréttakona
Hermann Hreiðarsson, knattspyrnumaður
Hrefna Björk Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri
Huldar Breiðfjörð, rithöfundur
Höskuldur Ólafsson, tónlistargagnrýnandi
Inga Rún Sigurðardóttir, tónlistargagnrýnandi
Ingibjörg „Imba“ Finnbogadóttir, stílisti
Ísleifur í Event, umboðsmaður
Jakob Frimann Magnússon, tónlistarmaður
Jóhann „Party-Hanz“, sjónvarpsmaður
Jóhannes Ásbjörnsson, sjónvarpsmaður
Jói B úr Gullfoss og Geysi, plötusnúður
Jón Atli, Hairdoctor
Jón Sæmundur, fatahönnuður
Július Kemp, pródúsent
Kári Hallgrímsson, bankamaður í Barclays Bank
Kári Stefánsson, forstjóri
Kjartan Magnússon, ljósmyndari
Kjartan Sævar Magnússon, flugmaður
Kristín María Birgisdóttir, útvarpsfréttakona
Kristín Ninja, fyrirsæta
Kristján Jónsson, vatnsútflytjandi
Logi Bergmann Eirsson, sjónvarpsmaður
Lúðvík Jónasson, markaðsmaður
Magnús Ragnarsson, sjónvarpstjóri
Manuela Ósk, fegurðardrottning
María Sigrún Hilmarsdóttir, sjónvarpsfréttakona
Matthías Páll Ímsland, viðskiptajöfur
Nanna Kristín Magnúsdóttir, leikari
Nína Björk Gunnarsdóttir, fyrirsæta
Nína Dögg Filippusdóttir, leikari
Oddur Þórisson, stílisti
Ópee – Ólafur Páll, tónlistarmaður
Orri Páll í Sigurros, tónlistarmaður
Ólafur Ólafsson, ráðgjafi í Landsbankanum
Ólafur Stephensen, markaðsmaður
Óli Hjörtur, barþjónn
Ómar Suarez, tónlistarmaður
Páll Júlíus Kristinsson, fyrirsæta
Páll Óskar Hjálmtýsson, tónlistarmaður
Pálmi Guðmundsson, markaðsstjóri
Pétur Jóhann Sigfússon, sjónvarpsmaður
Ragnar Kjartansson, tónlistarmaður
Ragnheiður Clausen, sjónvarpsþula
Ragnheiður Gröndal, tónlistarmaður
Ragnheiður Guðnadóttir, sjónvarpsmaður
Ragnheiður Sara, tónlistarmaður
Ragnhildur Steinunn, sjónvarpsfréttakona
Rakel McMahon, fyrirsæta
Rakel Þormars, fyrirsæta
Reynar í Brim, kaupmaður
Reynir Lyngdal, kvikmyndagerðarmaður
Robbi Chronic, plötusnúður
Selma Björnsdóttir, tónlistarmaður
Sigga Beinteins, tónlistarmaður
Siggi Odds, tónlistarmaður
Sigmar Vilhjálmsson, sjónvarpsmaður
Sigriður Arnardóttir, sjónvarpsmaður
Sigriður Lára Einarisdóttir, fyrirsæta

Sigrún Bender, fegurðardrottning
Sigrún Ósk Kristjánsdóttir, sjónvarpsmaður
Sigurður Pálmi Snæbjörnsson, ritstjóri
Sigurjón Brink, tónlistarmaður
Sigurjón Ragnar, ljósmyndari
Sigurjón Sighvatsson, kaupsýslumaður
Sigurjón Sigurgeirsson, verkfræðinemi
Sílja Magg, ljósmyndari
Sindri Bjarkarson Eldon, tónlistargagnrýnandi
Sindri Sindrason, sjónvarpsfréttamaður
Skjöldur á Ölstofunni, barþjónn
Skjöldur Eyfjörð, stílisti
Skúli Malmquist, framleiðandi
Snæfríður Ingadóttir, blaðamaður
Sólveig Zophaníasdóttir, fyrirsæta
Steingrímur „Muri“ Árnason, Apple-séni
Steini Sharq, grafískur hönnuður
Steinninn Jakobsdóttir, blaðamaður
Styrmir Karlsson, fyrirsæta
Svala Björgvins, plötusnúður
Svava Johansen, kaupmaður
Svavar Halldórsson, sjónvarpsfréttamaður
Svavar Örn Svavarsson, tiskulögga
Sverrir Bergmann, sjónvarpsmaður
Sverrir Kári Karlsson, fyrirsæta
Sverrir P. Sverrisson, sjónvarpsmaður
Sæmundur Norðfjörð, pródúsent
Sólvi Blöndal, tónlistarmaður
Sólvi Freyr Magnússon, kaupmaður
Sólvi Tryggvason, sjónvarpsfréttamaður
Teitur Þorkelsson, upplýsingafulltrúi
Thelma Thormars, fyrirsæta
Tinna Alavis, fyrirsæta
Tinna Marína, fyrirsæta
Tiny – Egill Ólafur Thorarensen, tónlistarmaður
Unnur Birna Vilhjálmisdóttir, fegurðardrottning
Unnur Pálmasdóttir, einkabjálfi
Úlfur Chaka Karlsson, tónlistarmaður
Vala Matt, sjónvarpsmaður
Védís Hervör, tónlistarmaður
Viðar Hákon Gíslason, tónlistarmaður
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður
Yesmine Olson, danshöfundur
Ýr, plötusnúður
Þorsteinn Stephensen, umboðsmaður
Þorvaldur Davíð Kristjánsson, leiklistarnemi og krútt
Þóra Bríet, fatahönnuður
Þóra Karitas Árnadóttir, sjónvarpsmaður
Þóra Sigurðardóttir, sjónvarpsmaður
Þórarinn Þórarinnsson, blaðamaður
Þórdís Elva Bachman, leikskáld
Þórey Eva Einarisdóttir, sjónvarpsmaður
Þórey Vilhjálmisdóttir, framkvæmdastjóri
Þórhallur Sverrisson, markaðsmaður
Þórir Snær Sigurjónsson, kvikmyndaframleiðandi
Þórólfur Beck, markaðsmaður
Þórunn Antonía, tónlistarmaður
Þórunn Erna Clausen, leikari
Örn Elías - Mugison, tónlistarmaður

„Valið á boðsgestum veislunnar virðist vera einfalt, ekki of mikið af strákum og skilyrðið er að vera kúl.“



Silvía Nótt að jafna sig eftir ævintýrið

Í AFSLÖPPUN

Á GRÍSKRI EYJU



Niðurdregin
Silvía rétt eftir tapið.

Nú þegar Eurovision-ævintýrinu er lokið og gríska þjóðin búin að hneykslast á framlagi okkar Íslendinga er um að gera að slappa aðeins af. Ágústa Eva sem lék Silvíu í keppninni ákvað að dvelja aðeins lengur á Grikklandi þótt þjóðin hafi ekki verið að fatta djókið. Dvelur hún ásamt Gauki Úlfarssyni, manningnum á bak við Silvíu, og fleirum á eyju fyrir utan Grikkland. „Við fáum mjög góða þjónustu“, sagði Gaukur í samtali við Hér & nú en gera má ráð fyrir að Silvía sé ekki í karakter og því óþekktanleg.

„Við fáum mjög góða þjónustu“

Flott Silvía var
flott á sviðinu.





*Hefur þú hreinsað sængina
þína nýlega?*

Við hreinsum og endurnýjum dúnsængur.



DÚN & FIÐUR

Laugavegi 87

Sími 511 2004 – 551 8740

Kron Kron Er fálæg
búð, hér er einn með
listaverk við opnunina.



Gestir Kron Kron fengu óvænta rigningu

MARTA LÆTUR GOSSA Á TÍSKULIÐ

Gestir í samkvæmi sem verslunin Kron Kron hélt síðasta föstudagskvöld voru margir hverjir hætt komnir eftir að vatnsgusa kom skyndilega af himnum ofan og skall á gangstétt skammt frá þar sem þeir stóðu fyrir utan verslunina og reyktu. Mörgum brá í brún, sérstaklega eftir að í ljós kom að gusan kom úr skúringafötu af hæðinni fyrir ofan verslunina. Gestunum, sem flestir sportuðu hönnuðum flíkum sem viðkvæmar eru fyrir óhreininum, stóð ekki á sama enda fengu nokkrir skvettu á sig. Flestir gátu þó á endanum brosað að uppákomunni og sérstaklega þegar í ljós kom að sú sem flegði skúringavatninu fram af svölum sínum var engin önnur en hin afar smekklega Marta „smarta“ Jónasardóttir, hin nýja ritstýra tímaritsins Veggfóðurs, en hún býr ásamt manni sínum á hæðinni fyrir ofan Kron Kron. Marta hafði verið að þrifa svalir sínar af miklum móð og einfaldlega ekki gert sér grein fyrir tiskusamkomunni á jarðhæðinni þegar hún lét vatnið gossa.

Úpps!



Marta María Lét vatnsgusu gossa á tiskuliðið.

Eyrún úr Kastljósinu

ALSÆL Á LAUSU

Single!

Eyrún Magnúsdóttir

Fjölmíðlakonan er alsæl á lausu.


Já, já ég er á lausu og er búin að vera það í nokkra mánuði," segir Eyrún Magnúsdóttir úr Kastljósinu. Eyrún var lengi á föstu með

Stefáni Einarssyni auglýsingateiknara en þau eru sem sagt hætt saman.

Eyrún vildi lítið gera úr sambandsslitunum enda langt síð-

an upp úr slitnaði. Hún þykir vera ein flottasta fjölmíðlakonan og var valin sú kynþokkafyllsta fljótlega eftir að hún byrjaði í Kastljósinu. Annars

var Eyrún hin hressasta þegar Hér & nú náði af henni tali enda varla annað hægt svona í byrjun sumars.

A close-up photograph of Olafur Gaukur, an older man with white hair, wearing dark sunglasses and a blue and white plaid shirt. He is looking down at an acoustic guitar he is playing. The background is a plain, light-colored wall.

Ólafur Gaukur, gítarleikari, setur út nýju plötuna, **Ég skemmti mér í sumar.**

Ólafur Gaukur

Tekur upp nýja plötu með Friðriki Ómari og Guðrúnu Gunnars.

GAUKURINN FLYGUR

Ólafur Gaukur Pórhalls-son er einn ástsælasti og langlífasti músí-
kant okkar Íslendinga. Hann
var farinn að tvísta þegar flest
okkar voru enn í bleyjum. Ól-
afur er samt langt frá því að
vera dauður úr öllum æðum.
Hann er á fullu í tónsköpun og
útsetningu. Hann vann með
Friðriki Ómari Hjörleifssyni og
Guðrúnu Gunnarsdóttur að
plötu þeirra Ég skemmti mér.
Sú plata var ein sú söluhæsta
á landinu um jólin síðustu. Nú
er að koma út önnur plata frá
þremningunum sem ber
heitið Ég skemmti mér í sum-
ar. „Þetta er svona endurgerð
tónlist héðan og þaðan úr
tónlistarsögunni.“ segir Ólaf-
ur Gaukur. „Þetta eru þekkt
lög sem margir ættu að kann-
ast við og lífa enn. Ég spil-
aði þessi lög sjálfur á sínum
tíma.“

Ungir sem aldnr leggja við hlustir

Það má með sanni segja að
nýja platan brúi kynslóðarbilið
þar sem Friðrik Ómar er rúm-
lega tvítugur, Guðrún á fertugs-
aldri og Ólafur Gaukur kominn
á áttæðisaldurinn. Ólafur set-
ur aldursmuninn ekki fyrir sig
„Það er gaman að vinna með
þessum krökkum. Bæði góð-
ir söngvarar og mjög dugleg.
Platan verður með svipuðu
sniði og sú fyrri án þess þó
að vera alveg eins. Það verða
nokkrir útdúrar þarna.“

Bítlarnir og Presley breyttu öllu

Ólafur Gaukur eða Gauk-
urinn, eins og Guðrún og
Friðrik kalla hann, hefur eins
og áður sagði lífað og hræst
í tónlist síðan í menntaskóla.
Hann spilaði í hinum og
þessum grúppum eftir seinna
stríð og hefur eytt jafn mikl-
um tíma fyrir aftan hljóðnem-
ann og fyrir framan. „Jú, ég
er búinn að gera svaka marg-
ar plötur. Órugglega langt
yfir hundrað. Mér finnst að
síðan að Bítlarnir og Presley
komu fyrst fram hafi voða
lítið breyst. Þegar við tókum
þessi gömlu lög og breytum
aðeins tempóinu til dæmis,
hljómar þetta voða svipað
og sú tónlist sem þú heyrir í
dag. Þegar rokkið kom varð
voða stór breyting og fólk er
jafnvel að spila sömu lögin í
dag.“


Réttu gripin

Þegar Ólafur er ekki í
hljóðverinu eða rokkandi á
sviði vinnur hann að því að
móta nýja kynslóð tónlist-
armanna. Hann starfrækir
Gítarskóla Ólafs Gauks þar
sem ungir sem aldnr æfa
réttu gripin. „Ég er bæði með
hóp- og einstaklingstíma fyrir
byrjendur og lengra komna.
Það má eiginlega segja að
aldurshópurinn sem ég kenni
sé frá átta ára upp í áttatíu og
allt þar á milli.“

„Bæði góðir söngvarar og mjög dugleg.
Platan verður með svipuðu sniði og sú
fyrri án þess þó að vera alveg eins.
Það verða nokkrir útdúrar þarna“

Kennir á gítar

„Það má eiginlega
segja að aldurshóp-
urinn sem ég kenni
sé frá átta ára upp í
áttatíu og allt þar á
milli.“



Texti Þórarinn Ingi Jónsson
H&N myndir Stefán Karlsson

Flott plata

„Þetta er svona endurgerð tónlist
héðan og þaðan úr tónlistarsögunni.“

Ný plata!





16" pizza
Allt að 3 álegg
1290 kr.- tilboð sótt
HOT WINGS 550 kr.

Dalbraut 568 68 68 Mjódd



Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.
Útgefandi Páll Baldvin Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjörn Berglind Halla Elfuðóttir, berglind@hognu.is, Jón Mýrdal, myrdal@hognu.is, Hér & nú Skaffahlið 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.

Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjörn: 550 5075.

Netfang Ritstjörn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar: auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.

Prentvinnsla Ísafoldarprentsmiða. Dreifing Pósthúsið ehf., dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

.....

Leiðari um partí

Bar? Svona sms fæ ég gjarnan og er þá kíkt út í einn öl. Oftast er farið á Prikið eða jafnvel Ölstofuna. Það hafa samt allir skoðanir á skemmtistöðum. Dyraverðir og raðir eru yfirleitt eitthvað sem fólk hefur skoðanir á. Sumarið lítur vel út. Um næstu helgi er mér boðið í partí ársins á vegum Coca-Cola Europe. Fékk sendan sérsmiðaðan kristal frá Kína. Mér líður eins og ég sé merkilegur.

Einnig er hellingur af nýjum stöðum að opna. Um síðustu helgi opnaði Barinn, áður 22. Staðurinn er á þremur hæðum og rosalega skemmtilegur. Skilst að þetta eigi að vera fyrir svona Kaffibarinn/Prikið/Sirkus fólk sem er komið með leið á unga fólkinu þar. Hvað svo sem það þýðir.

Einnig er verið að opna Búddabar, áður Nelly's. Og svo er Sigga á Sirkus víst að opna skemmtistaðinn Boston, fyrir ofan nýju Spúútník búðina. Síðasta sumar opnaði Oliver og var sjóðandi heitur langt fram á vetur. Það er samt skrytið með þessa skemmtistaði. Þeir eru bara vinsælir í nokkra mánuði. Enda skipta þeir víst um eigendur eftir því. Ég held samt að fólk fari á skemmtistaði til þess að hitta fólk. Fyrir neðan Lækjargöðuna er fólk sem ég á litla samleið með. Annað hvort graðir fasteignasalar að leita sér að fráskildum kennurum á Thorvaldsen eða Rex. Eða diskóbyttur á Pravda með Smirnoff í gleri.

Það er samt alltaf gaman að hitta fólk. Reyna að vera flottur í tauinu og blikka stelpurnar. Fólk fer samt alltof lítið út að dansa. Og þá er ég ekki að meina hopp í hringi með glas í annarri. Stundum hugsa ég hversu geðveikt það var þegar hljómsveitir léku fyrir dansi. Dúmbó og Steini eða Ingimar Eydal í Sjallanum. Þá var boðið upp í dans. Það er líka svoléiðis úti á landi.

Eitt vekur þó áhuga minn með sumarið. Það er að opna veitingastaður, þar sem áður var Pasta Basta. Sá á vist að vera opinn til morguns. Þá verður hægt að detta í nautasteik og rauðvin um fimmleytið. Kannski fín leið til þess að heilla stúlku. Ég veit það ekki.

Breki Logason



MUGISON UPP Í KÖBEN TREÐUR

Danir bíða í eftirvæntingu eftir Mugison, en hann hefur tvívegis spilað á Hróarskeldu og má með sanni segja að hann hafi fallið Dönum í geð. Mugison spilar á útítonleikum á Nordatlantsbrygge, menningarhúsi Íslands, Færeyja og Grænlands, í Kaupmannahöfn þann 1. júní. Hann heldur síðan til Árhus daginn eftir þar sem hann spilar á Spot Festival og þaðan til Þýskalands til að troða upp á Moers Festival þann 3. júní.

Mugison fékk boðsmíða í partí ársins eins og flestar stjörnur Íslands.



ARNAR GRANT OG RAGNHEIÐUR GUÐFINNA MEÐ LÍFSSTILSNÁMSKEIÐ FYRIR UNGLINGA



Arnar Grant og Ragnheiður Guðfinna eru að fara af stað með lífsstilsnámskeið fyrir unglunga annað árið í röð. Ætlunin er að fá unglunga til að hreyfa sig og lifa heilbrigðara lífi. Boðið er meðal annars upp á karate, línu-skauta og svo kíkja skemmtilegar fyrirmyndir í heimsókn eins og Jónsi í svörtum fötum og Jón Arnar tugbrautarkappi. Hvert námskeið stendur yfir í hálfan mánuð, fjóra daga í viku, og kostar 25 þúsund að taka þátt. Fyrsta námskeiðið hefst 12. júní. Hér & nú hvetur alla unglunga til þess að koma sér í betra form með Arnari og Ragnheiði



Heimsfrumsýning á BMW Z4 Coupé

VEISLAN KOST- AÐI 50 MILLUR

Um síðustu helgi var heimsfrumsýndur BMW Z4 Coupé í bílaumboði B & L. Ekkert var til sparað og var allt tekið innan úr húsinu fyrir veisluna. Þar var þessi glæsilegi bíll afhjúpaður en margir erlendir gestir voru á svæðinu. Meðal annars margir Þjóðverjar frá BMW. Fasteignabráskurinn Engilbert Runólfsson mætti á sínum glæsilega BMW M6 með vini sínum og fasteignasalan Gumma Th.



HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Það var heljarinnar stuð um helgina þrátt fyrir kuldann og fólk hrúgaðist í bæinn í von um góða skemmtun. Fjölmíðlafólk sameinaðist á Hressó í tilefni af hreinsunar-degi 365, en þar voru meðal annars Logi Bergmann Eiddsson og Ásgeir Kolbeinsson eldhressir, Helgi Seljan og fjölmiðla-kóngurinn og þjóðfélags-rýnirinn Egill Helgason, Ari Edwald, sem mætti hress með konu sinni, og Róbert Marshall og Brynhildur Ólafsdóttir. Nýr staður var svo opnaður þar sem 22 var áður til húsa og heitir sá Barinn. Þar voru ofurparið Addú og



Sindri Páll, Ófeigur bar-eigandi, handboltahetjan Vignir Svavarsson. Suzie og Elvis, betur þekkt sem Svala Björgvins og Egill létu sig heldur ekki vanta. Að sögn gesta er stað-urinn mjög vel heppnaður og myndaðist þar góð stemning í opnunarpartíinu. Þorvaldur Davíð var í góðu stuði á Hverfisbarnum og kikti líka við á Prikinu. Þar voru einnig rokkararnir Þröstur í Mínus og Kristó í Lights on the Highway, Tiny eitt sinn kenndur við Quarashi, Logi Gunnarsson körfuknattleiksmaður og þeir félagar í Dr. Mister & Mister Handsome. Á Kaffibarnum sást svo til Bigga í Maus með leggjálanga stúlku upp á arminn.

HRINGDU INN FRÉTT OG FÁÐU PENING

550 50 70 15.000 kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvorinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyra og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyra.

FRÉTTASKOT hér&nú






NYTT Á DVD

KEMUR Í
VERSLANIR
OG Á LEIGUR
31. MAÍ
SAMMYNDIR




Stuðningsmenn FH rúntuðu um bæinn á sex lúxuskerrum



FHÁSKA- MAFÍAN LEIGIR LIMMULEST



MEIRA SIGTI

Nú hefur verið ákveðið að gera fleiri þætti af Sigtinu, gamanþáttunum sem vöktu mikla athygli á Skjá einum í vetur. Þar fóru félagarnir Gunnar Hansson, Friðrik Friðriksson og Halldór Gylfason á kostum. Misskildu margir þættina og vissu ekki að um grín væri að ræða. En nú hefur sem sagt verið ákveðið að gera aðra seríu af Sigtinu, áhorfendum Skjás eins væntanlega til mikillar gleði.

Stuðningsmenn fótboltaliðsins FH ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur. Síðastliðinn sunnudag leigðu þeir félagar heilan flota af limmósínum til þess eins að koma sér tímanlega á völlinn. Alls voru 50 fótboltafræðingar sem tróðu sér í sex stykki limma. Sigldu þeir um götur bæjarins í lúkusknörrunum járnklæddu og blöktu fánar FH við hvern hún.

Þetta ku vera stærsta limmósínuferð Íslandssögunnar. Aldrei hefur nokkur maður leyft sér þvilíkan munað hérlandis, hvað þá í nafni knattspyrnunnar. Fannst fótboltastrákunum það því vel við hæfi að bjóða forseta vorum, hr. Ólafi Ragnari Grímssyni, með í förina. Ólafur mun hafa verið snortinn en því miður kom rekstur landsins í veg fyrir að hann gæti slegist í förina. Stuðningsmenn FH fengu svarið í formi bréfs frá deildarstjóra forsetaskrifstofunnar: „Því miður getur forseti Íslands ekki verið heiðursgestur ykkar á sunnudaginn. Hann þakkar gott boð og biður fyrir kveðjur til ykkar.“ Ekki amaleg afsökunarbeiðni það.

BLOGG VIKUNNAR *Logi Geirsson*

FROM THE LAND OF ICE

Annars gengur lífið hérna í Lemgo eins og í góðri sögu. Ég er að fá nýjan samning og býst því við að verða hérna eitthvað áfram það er að segja ef þeir bjóða vel \$tjng\$. Ég er svo stoltur af því að vera Íslendingur að mér

finnst svalt að segja að ég komi frá the land of ice. Hugsíð aðeins um nafnið Iceland, hversu ævintýrlegt er það? En ég ætla nú ekki að fara að missa mig hérna í skrifunum. Ég bið bara að heilsa ykkur þangað til að við sjáumst á skjánum á

Sýn á þriðjudaginn. Ef þið eruð með einhver óskamörk sem þið viljið að ég skori þá meilið þið bara á mig. Annars var það ekkert fleira í dag með bestu pensilíns-kveðjum frá Lemgo, L&I_23.”



AFTUR Í FASTEIGNA- BRANSANN

Gunni Óla



Söngvarinn Gunnar Ólason er kominn aftur í fasteignabransann. Fyrir skömmu tók hann sér frí þaðan og fór að selja auglýsingar fyrir 365 ljósvakamiðla en hefur nú snúið aftur í fasteignabransann. Hefur hann hafið störf hjá Stórborg fasteignasölu. Gunnar er söngvari í Skítamóral og hefur meðal annars keppt fyrir Íslands hönd í Eurovision.

KVIKMYNDA- KARLARNIR Á KAFFI PARÍS



Kaffi París hefur lengi vel verið samkundustaður íslensku elítunnar. Þangað sækja bóhemar jafnt sem bisnesskallar til þess að brynna sér með kaffi og meðói. Staðurinn hlaut nýlega vellukkaða andlitslyftingu og hefur aðráttarafl kaffihússins aukist til muna. Virðist sem svo að helstu áhrifamenn íslenskrar kvikmyndagerðar hafi hreiðrað þar um sig. Í liðinni viku sáu stjórnararnir Baltasar Kormákur, Björn Brynjólfur og Friðrik Þór í hrókasamræðum. Síðar meir stormuðu þar inn víkingakumpánarnir Hrafn Gunnlaugsson og kitch-málarinn Odd Nerdrum og köstuðu stuttri kveðju á kollega sína.

Tai chi – Kung Fu

Hugræn teygjuleikfimi - Heilsumeðferð

Einkatímar - Hópatímar

涵退禅

禅谦安

Tilboð í grenningarmeðferð – megrunarte – heilsute

Nivarski heilsufélag
Skeifturni 3j
Sími 553 8282
www.heilsudrekingur.is

SPILAR MEÐ SYNINUM OG SKRIFAR KVIKMYND

Númer eitt, tvö og þrjú, þá er allt gott að fréttu af mér. Mannakorn voru með tónleika í Salnum í vetur sem eru væntanlegir á disk fljótlega, svo er einhver tónleikaröð í kjölfarið á því,“ segir Pálmi Gunnarsson aðspurður hvað sé að fréttu.

Pálmi og Magnús Eiríksson komu fram með stóru bandi sem samanstóð meðal annars af strengjakvartett. „Við erum greinilega sívinsælir því það var uppselt og engar áhyggjur af mætingu,“ segir Pálmi sem hefur starfað sem atvinnutónlistarmaður frá 19 ára aldri.

„Það er nú alltaf að bætast í þennan hóp sem hefur tónlistina að lifibrauði alfarið. En auðvitað eru menn að taka eitthvað með þessu. Bransinn er svo lítill að menn þurfa að hafa fleiri járn í eldinum,“ segir hann.

Heldur tónlistarhátíð

Pálmi hefur mikið verið að þjónusta veiðimenn en lítur á veiðimennskuna fyrst og fremst sem áhugamál. „Ég hef verið að leigja silungsár. Er með Lónsá á Langanesi og svo Litlu-Á. Ég geri þetta aðallega mér til gamans og til þess að hitta menn,“ segir Pálmi sem hefur alltaf verið hrifnari af silungnum en laxinum.

„Það er nú bara einfaldlega af hagkvæmniástæðum, ódýrara og jafnvel skemmtilegra. Maður er líka ekki eins stífbundinn af veiðihúsatímasetningunni, er meiri svona sjálfs sín herra, sem er eitthvað sem ég sækist eftir í þessum veiðiskap.“

Pálmi segir að helst þurfi maður að eiga hlut í KB banka til þess að geta stundað laxveiði en hann hefur búið á Akureyri síðan 1997. „Ég fíla mjög vel að vera hérna með fjölskylduna. Hérna er afslappað andrúmsloft og



Pálmi Gunnarsson Hefur nóg að gera bæði í tónlist og veiðiskap.

minna stress en í stórborginni en er þó ekki smábær og býður upp á ýmislegt,“ segir Pálmi sem skipuleggur heljarinnar tónlistarhátíð á Akureyri um hvítasunnuhelgina. Hátíðin heitir Akureyri International Music Festival og stendur yfir í þrjá daga. „Við erum með stórt blúsband frá Minneappolis í Bandaríkjunum. Þeir eru alveg ruddalega flottir.“

Veiðipættir á DVD

Pálmi hefur einnig gert nokkra veiðipætti og ætlar að reyna að taka upp í sumar. „Svo á ég einn óklipptan þátt frá því að ég var á Grænlandi í fyrra. Það var vægast sagt athyglisverð ferð og ég verð eiginlega að klára það sem fyrst. Svo stendur einnig til að gefa út þættina mína á DVD og er verið að vinna í því.“

Sonur Pálma, Sigurður Helgi, hefur verið að gera það gott undanfarið og hefur lagið Dreamer in the Morning verið mikið spilað. „Ég hef aðeins verið að spila með honum og þetta er bara byrjunin á ferlinum hans en hann er kominn með plötusamning. Ég held síðan eitthvað utan um upptöktustjórn fyrir hann.“

Áhugi á skrifum

En Pálmi er ekki bara að dunda sér í tónlist heldur hefur hann lengi skrifað kvikmyndahandrit. „Ég er búinn að skrifa í í mörg ár og lít aðallega á þetta sem hobbí. Maður biður bara eftir að einhver kaupi af manni handrit.“ Pálmi fór í Kvikmyndaskóla Íslands árið 1995 og hefur verið að skrifa síðan.

„Ég er með helling af skemmtilegum sögum og skrifa allt milli himins og jarðar. Ég hef alltaf verið mikill kvikmyndaáhugamaður og hef gaman af því að spreyta mig á skrifuðu orði.“

Pálmi hefur einnig skrifað vikulega pistla í Viðskiptablaðið í um eitt ár og er mjög hrifinn af íslensku rituðu máli.

Elskar Silvíu Nótt

En hvað fannst fyrsta Eurovision-faranum um framlag okkar til keppninnar í ár?

„Silvíu Nótt er náttúrulega bara tær snilld og ég hafði mjög gaman af þessu. Hún hélt leikritinu allan tímann og hluti af því var að láta púa á sig. Þó að þetta hafi verið rammasta ókurt-eisi, þá var þetta bara svona. Þetta er eins og ef þú hagar þér asnalega á fótboltavelli, þá áttu á hættu að púað sé á þig,“ segir Pálmi sem hefur mjög ákveðnar skoðanir á atriði Silvíu Nætur.

„Evrópubúar eru bara greinilega svona viðkvæmir og hafa trúlega aldrei heyrt blótsyrði áður þarna í Grikklandi. Mér fannst þetta æðislegt og hún er náttúrulega algjör perla, þessi stelpa. Hún kom, sá og sigraði þarna á mínum huga. Ég beygi mig í auðmýkt fyrir listafólki sem kann að taka listina sína með svona spretti,“ segir Pálmi Gunnarsson kampakátur að lokum.



Mannakorn Maggi og Pálmi héldu tónleika í vetur sem á að gefa út.

Pálmi Gunnarsson hefur starfað sem atvinnutónlistarmaður frá 19 ára aldri

**HVAÐ
ER AÐ
FRÉTTA?**

AHANDRIT

„Mér fannst þetta æðislegt og hún er náttúrulega algjör perla þessi stelpa. Hún kom, sá og sigraði þarna í mínum huga. Ég beygi mig í auðmýkt fyrir listafólki sem kann að taka listina sína með svona spretti.“

 **BRANSASAGAN**

Heldur tónlistarhátíð „Við erum með stórt blúsband frá Minneapolis í Bandaríkjunum. Þeir eru alveg ruddalega flottir.“



DORRIT OG MARGÆSIR

Dorrit Moussaieff og Ólafur Ragnar tóku við umfangsmiklu listaverki á Bessastöðum í síðustu viku. Það voru skólakrakkar á Álftanesi ásamt kollegum sínum frá Írlandi sem unnu verkið. Um þessar mundir eru mörg þúsund margæsir á Bessastaðatúninu sem komu hingað fyrir skömmu frá Írlandi og Skotlandi á leið sinni til varpstöðva á norðanverðu Grænlandi.





FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ÁRMÚLA

SUMARFJARNÁM

Skráning á sumarönn fer fram

22.maí - 2.júni

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam



erlent slúður

Vivica A. Fox í ruglinu HVAÐ KOM EIGINLEGA FYRIR?

Leikkonan Vivica A. Fox þykir algjör skutla og sló hún rækilega í gegn í Kill Bill-myndunum. Vivica grennti sig heilmikið fyrir hlutverkið og hefur haldið sér í góðu formi þangað til nú.

Þessi mynd náðist af dömunni á ströndinni þar sem hún lítur meira út eins og Whitney Houston á kóki en farsæl leikkona. Hvert fór flotti stillinn eiginlega og hvað er málið með hattinn?



Marilyn Manson án farða ÓSKÖP VENJULEGUR MAÐUR

Dita Von Teese, eiginkona rokkarans furðulega Marilyn Manson er afar vinsæl þessa dagana. Hún hefur getið sér gott orð í sýningarbransanum þar sem hún dansar nánast nakin í skemmtilegri sýningu. Dita var fengin til þess að skemmta í veislu á Cannes-hátíðinni og mætti eiginmaðurinn að sjálfsögðu með. Það er afar sjaldgæft að sjá Marilyn Manson venjulegan og án farða. Þvílík breyting. Maðurinn er bara þvílíkt venjulegur.

**Rosa-
breyting**
Marilyn Man-
son lítur vel út
án farðans.



Katie Holmes



Nýbakaðir foreldrar

Katie Holmes hefur verið dugleg að kynna nýjustu mynd Toms, MI:3.

Slitinn magi

Katie Holmes hefur slitnað á maganum eftir fæðingu dóttur sinnar, Suri.



MEÐ SLIT EFTIR BARNBURÐINN

Það hefur ekki verið talað jafn mikið um neitt par og Tom Cruise og Katie Holmes. Párið eignaðist dótturina Suri fyrir tæplega mánuði síðan og hefur Katie verið dugleg að kynna MI:3 kvikmyndina ásamt manni sínum.

Þessar myndir náðust af leikkonunni á dögnum og eins og sést er Katie með slit eftir barnsburðinn. Það er gott að vita að sumar Hollywood-leikkonurnar eru alveg eins og aðrar konur.

Natasha Hamilton og Vilhjálmur prins



Sæll vertu

Natasha Hamilton tekur í höndina á Vilhjálmi eftir tónleikana.

REYNDI AÐ FARA Í SLEIK VIÐ PRINSINN

Breska konungsfjölskyldan heldur árlega styrktartónleika þar sem allir helstu popparar Bretlands koma fram, skemmta fólki og gefa að sjálfsgöðu alla vinnu sína. Það hefur löngum verið hefð að tónlistarfólkið heilsa upp á konungsfólkið, taki í spaðann á því og splæsi jafnvel í einn koss.

Natasha Hamilton fyrrverandi söngkona úr grúppunni Atomic Kitten gerði sér lítið fyrir og greip í prinsinn myndarlega. Smellti á hann kossi beint á munninn og í leiðinni opnaði hún munninn upp á gátt.

Vilhjálmur prins er fagmaður mikill og lét sem ekkert væri, enda á hann unnustu sem hann er líklegur til að giftast. En ef dæma má þessar myndir er hugsanlegt að þessi tvö eigi sér einhverja sögu.

Ekki feiminn

Natasha virtist alveg ófeimin við það að smella einum frekar blautum á.

Og koss...

Prinsinn og Natasha kyssast á varinrar og Natasha opnar munninn.



Victoria Beckham hélt kveðju-partí fyrir enska landsliðið



Glæsileg Wayne Rooney og Coleen McLoughlin voru að sjálfsögðu mætt í partið.



Konungsfólk Beatrice prinsessa og móðir hennar Fergie mættu í veisluna.



Joan Collins Hin ódauðlega Joan Collins mætti í veisluna klædd í svart. Ætli hún hafi reynt við einhvern í landsliðinu?



Ítalski hönnuðurinn Fatahönnuðurinn Roberto Cavalli mætti í veisluna ásamt ungrri dömu. En Roberto hannaði kjólinn sem Victoria klæddist um kvöldið.



Osbourne-mæðgur Kelly og Sharon var boðið í veisluna.



Bomba Fyrirsætan Elle McPherson lét sig ekki vanta.



Vinkonan mætir Emmu Bunton úr Spice Girls var boðið í veisluna.



VEISLA

Prinsinn og prinsessan David og Victoria Beckham eru eitt frægasta par í heimi. Victoria bauð 350 manns í kveðjuparti fyrir enska landsliðið.

Teiti fyrir strákana!

A ÁRSINS



Flottur Rio Ferdinand var flottur með flétturarnar og í svörtum jakkafötum.



Ber af ofan Töffarinn Ashley Cole úr Arsenal mætti til veislunnar ber að ofan.

Pegar Victoria Beckham ætlar að halda veislu þá heldur hún veislu. Þetta er í annað sinn sem Victoria býður enska landsliðinu og öðru fínu og frægu fólki til veislu fyrir heimsmeistarakeppnina í fótbolta. Það er óhætt að segja að þetta hafi verið veisla ársins.

Hvar?

Beckingham-höllinni. Victoria lét einnig reisa risatjald í bakgarðinum fyrir gesti.

Hverjir mættu?

Tom Cruise, Sarah Ferguson, enska landsliðið, Roberto Cavalli, Emma Bunton, Osbourne-fjölskyldan og P. Diddy svo að einhverjir séu nefndir. Send voru 350 boðskort hönnuð af móður leikkonunnar Siennu Miller.

Hvað var boðið upp á?

Meistarakokkurinn Gordon Ramsey útbjó grillaðan kjúkling og hnetusmjörs-desert fyrir liðið. Hann tók það skýrt fram að franskur og þýskur matur yrði ekki í boði.

Hver skemmti?

Graham Norton og Chris Evans voru veislustjórar og var enginn óhultur fyrir gríninu það kvöld. David Blaine sýndi gestum töfrabroð og James Brown tók lagið.

Í hverju var Victoria?

Frú Beckham valdi sér kjól hannaðan af Roberto Cavalli en hann mætti einmitt í veisluna og er Posh einn af upphaldskúnnnum hans.

Hver hélt ræðu?

Victoria Beckham, gestgjafinn sjálfur, flutti ræðu á spænsku fyrir matinn. Eftir matinn hélt hún dramatiska ræðu og kvaddi landsliðið. Vasaklúturnir voru víst teknir upp.

Hver planaði veisluna?

Victoria fékk til sín sama manninn og skipulagði brúðkaup þeirra hjóna. Einnig lét Victoria senda til sín appelsínu- og sítrónutré frá Spáni sem skreytt voru með ljósum í bakgarðinum.


Hvar voru börnin?

Romeo og Brooklyn þurftu ekki að hafa áhyggjur því trúðar, töframenn og látbragðsleikarar skemmtu krökkunum á meðan á veislunni stóð.

Hvað var drukkið?

Posh pantaði 250 flöskur af Möet-rósa-víni en flöskurnar voru skreyttar með Swarovski-kristöllum, en einnig voru drukknar 100 flöskur af Belvedere-vodka, 50 kassar af Terrazas víni frá Argentínu og 40 kassar af Cloudy Bay frá Nýja-Sjálandi.

Dansnámskeið í Sumar!



Einstakt tækifæri!



Ballett, Modern og Jazzballett!

Við bjóðum uppá tveggja vikna dansnámskeið í sumar, í ballett, nútímadansi og jazzdansi. Hægt er að velja um 2 tímabil, annars vegar 12.-23.júní og hins vegar 26.júní- 7.júlí.

3 aldursflokkar:

10-12 ára: kl. 11-14 fjóra daga vikunnar

13-15 ára: kl.16-19 fimm daga vikunnar

16 ára og eldri: kl. 18-21 fimm daga vikunnar

Einnig bjóðum við uppá djass-námskeið tvisvar í viku í tvær vikur.

Kennarar eru Unnur Elísabet Gunnarsdóttir og Riina Turunen sem báðar eru útskrifaðar frá Konunglega Sænska Ballettskólanum.

Námskeiðin eru haldin í Ballettskóla Guðbjargar Björgvins.

Í lok hvers námskeiðs verður lítil sýning.

Skráning í síma 691-6380 og 695-0399 og 561-1459
og í unnsadans@hotmail.com

Afhendir ávísunina
Hér afhendir Snorri
spítalanum ávísunina.

Snorri Idolstjarna afhenti ávísun

BARNA- SPÍTALINN

FÉKK

682.457 KRONUR

Idolstjarna
Snorri ræddi við
krakkana á Barna-
spítala Hringins.

Texti Breki Logason
H&N-mynd Heiða

Í úrslitabætti Idolsins var haldin aukakosning þar sem eftirminnilegasti keppandinn var valinn. Síggaði Þjóðverjinn Benedikt van Hoof með yfirburðum enda mjög eftirminnilegur. Ágóðinn af kosningunni rann til Barnaspítala Hringins. Í vikunni var komið að skuldadögum og afhenti sigurvegari Idol Stjörnuleitar, Snorri Snorrason, spítalanum ávísun fyrir upphæðinni. Það eru mörg aðkallandi verkefni á Barnaspítala Hringins og koma peningarnir sér því vel fyrir spítalann.

Simmi mætti
Sigmar Vilhjálmsson
mætti með Snorra á
spítalann.



Stelpurnar úr Ungfrú Ísland

FALLEGUSTU STÚLKUR Í HEI

Hér & nú leit inn á æfingu hjá stelpunum í Ungfrú Ísland. Þær eru svo sannarlega stórglæsilegar stúlkurnar. Allar saman.



**Gull-
fallegar!**

Æfing
Myndir frá
æfingu.



A large group of young women, likely contestants in a beauty pageant, are posed in several rows on a stage. They are wearing one-piece swimsuits in various colors, including shades of pink, orange, and dark green. The women are smiling and looking towards the camera. The background is dark, and the stage floor has a patterned carpet.

MI

Glæsilegar Stúlkurnar í
Ungfrú Ísland eru mjög flottar.

FJÖLMIDLASTJÖRNUR OG

Pótt Silvía Nótt hafi ekki komist áfram í Eurovision hélt Páll Óskar sitt árlega teiti á skemmtistaðnum Nasa við Austurvöll. Var vel mætt og Páll að sjálfsögðu í rjúkandi stuði. Fjölmíðlastjörnur 365 fögnuðu sumri á árlegum hreinsunardegi á Hressó. Þar voru veitt verðlaun fyrir ýmsa flokka í tiltekt. Fjölmíðlafólkið skemmti sér eitt-hvað fram eftir en hvarf svo út í sumar-nóttina. Hér & nú kíkti að sjálfsögðu á djammið og fangaði það helsta.



Stormviðvörun Siggil stormur tók sporin með dansfélaga á Hressó.

Áfram Páll! Þessi skemmti sér greinilega vel í Eurovision-partíinu.



...Paul Oscar....



Bermúða Gunnar trommari Bermúða og Esther söngkona brostu sínu breiðasta.

STANSLAUST STUÐ

HELGIN
MEÐ
her&nú



**Glæsilegt sjónvarps-
fólk** Þorfinnur Ómars-
son, Rósa Björk og Egill
Helgason voru eldhress.



Flippaðir sportarar
Elvar Geir og Henry
Birgir af Fréttablaðinu
voru kampakátir.



...stanslaust stuð.....

Frumsýning í Borgarleikhúsinu

VILTU FINNA MI

Borgarleikhúsið frumsýndi gamanleikinn, Viltu finna milljón, um síðustu helgi. Heppnaðist frumsýningin frábærlega en einvalið gamanleikara er í sýningunni. Helga Braga Jónsdóttir fer þar á kostum sem og Eggert Þorleifsson. Hinn eini sanni Laddi er einnig í sýningunni. Aðrir leikarar eru Marta Nordal, Guðmundur Ólafsson, Bergur Þór Ingólfsson, Gunnar Hansson og Theodór Júlíusson.



Allir glaðir Það er mikill léttir að frumsýna verk.

Einvalið Leikara fer með hlutverk í sýningunni.

LLJÓN

Kampavín Það var skálað í tilefni frumsýningarinnar.



Klapp Það var mikið fagnað í leikslok.



Koss Helga Braga Jónsdóttir fær einn að launum eftir sýninguna.



Allir glaðir Leikhópurinn faðmaðist í lok sýningarinnar.





Bjargróa Berglindar

Það er ýmislegt sem ber að hafa í huga þegar farið er á fyrsta deit. Hvernig á maður að bera sig? Hvað á maður að segja og hvað ekki? Það hefur sennilega enginn áhuga á að vita allt um síðasta samband þitt og hversu oft þú hefur fengið kynsjúkdóm.

HVAÐ MÁ OG HVAD MÁ EKKI

● Bjóddu tímanlega á stefnumótið. Þú vilt ekki láta líta út fyrir að þér hafi dottið það í hug á síðustu stundu.

● Það er ekki sniðugt að bjóða í 7 rétta máltíð á fyrsta deiti þegar þú veist ekki hvort þér líkar við manneskjuna. Byrjaðu á einhverju léttu.

● Klæddu þig snyrtilega. Vertu í hreinum og snyrtilegum fötum og passaðu að klæða þig í samræmi við hvert er farið.

● Ekki koma of seint. Það er í lagi að vera „fashionably late“ en ekki láta bíða endalaust eftir þér.

● Ekki drekka of mikið. Það hjálpar kannski að losa um stressið að fá sér einn eða tvo en það er ekki að gera sig að vera á skallanum.

● Vertu kurteis. Það er alltaf gaman þegar strákar opna fyrir manni hurðir og slíkt. Konur verða líka að muna að njóta þess og borga fyrir með sætu brosi.

● Hrósðu. Allir hafa gaman að því að fá hrós og það gæti hjálpað til við að minnka stressið.

● Vertu hreinskilinn og ekki þykjast vera eitthvað sem þú ert ekki. Þú þarft ekki að vita allt um allt og alla

● Ekki tala um fyrrverandi kærastann. Það er einfaldlega bannað.

● Ekki veita OF miklar upplýsingar. Það hjálpar sennilega ekki að segja frá klamídi-unni sem þú fékkst í fyrra eða að þú haldir alltaf framhjá.



● Ekki vera óðamála. Deitið verður að fá að komast að.

● Ekki segjast ætla að hringja ef þú ætlar ekki að gera það. Það er bara óþarfi.

● Ef þér finnst hlutirnir ekki hafa virkað fullkomlega gæti það hafa verið vegna þess að þú og/eða deitið voruð of stressuð. Hvernig væri að gefa aðilanum annað tækifæri. Hver veit hvað gæti gerst.

BRELLUR ÚR BRANSANUM

Brynhildur St. Jakobsdóttir, snyrtifræðimeistari á snyrtistofunni Helenu fögru gefur lesendum góð ráð.

UNDIRBÚÐU ÞIG HEIMA

Það er algjör snilld að skella sér í brúnusprautun, hvort sem er fyrir brúðkaupið, ferminguna, útskriftina, frið eða eitthvað annað. Þá verður þú fallega brún/brúnn á stuttum tíma. Aðeins eitt skipti og þú lítur út eins og þú sért nýkomin úr sólinni. Brúnusprautun dugar í allt að sjö til tíu daga og ef þú vilt lengja líftímann þá getur þú borið brúnukrem á þig heima þegar liturinn er farinn að dofna.

Til að góður árangur náist

er mikilvægt að skrúbba húðina vel með kornakremi, láta fjarlægja óæskileg hár einum til tveimur dögum áður en farið er í brúnkumeðferð. Ef þú ætlar að fara í litun og plockun er líka betra að gera það einum til tveimur dögum áður. Það er gott að bera góð krem á líkamann nokkrum dögum fyrir brúnkumeðferðina ef húðin er þurr. Mættu svo til okkar með hreina húð. Brúnusprautun tekur aðeins 15 mínútur og þú labbar út fallega brún/brúnn.





Texti: Berglind Halla Elfudóttir

Eva Longoria notar þessar snyrtivörur

Leikkonan Eva Longoria er orðin að stórstjörnu og fyrirmynd milljóna kvenna enda er hún án efa ein glæsilegasta kona heims. Hún er í toppsætum fjölmargra lista yfir fegurstu og kynþokkafyllstu konur í heimi. Eva er ávallt óaðfinnanlega til höfð og það var engin undantekning á því þegar hún mætti í partí í New York um helgina. Þessar vörur má finna í snyrtibuddunni hjá Evu:

FÁÐU ÚTLIT STJÖRNU



Clarins Liquid Eyeliner
Lyfja 2.239 kr.



Clinique-meik
Stay-True Makeup
Oil-Free Formula
Lyf og Heilsa
2.613 kr.

Clinique-sólarpúður
True Bronze Pressed
Powder Bronzer
Lyf og Heilsa 2.827 kr.



Chanel-gloss
LÈVRES SCINTILLANTES
Glossimer for lips
Hygea 2.030 kr.

Shiseido-maskari
Advanced Volume Mascara
Hygea 1.850 kr.



Mac-kinnalitur
Cream Colour Base
Debenhams 2.290 kr.



HVERNIG LOSNAR ÞÚ VIÐ LEIÐINLEGAN VIN

1. Segðu að mamma þín hafi bannað þér að leika við hann.
2. Svaraðu öllu sem hann segir bara með já og nei.
3. Notaðu alltaf nákvæmlega sömu afsökunina fyrir því að þú getir ekki hitt hann.
4. Skelltu á sí og æ í hvert skipti sem þú talar við hann í síma og segðu svo alltaf „æ sorrí, það slitnaði,“ þegar hann hringir aftur.
5. Reyndu stanslaust við maka vinar þíns.
6. Ekki svara þegar hann hringir eða skiptu um símanúmer.
7. Gefðu honum svitalyktar-eyði og bækling hjá lýtalækni í afmælisgjöf.
8. Nú eða hreinlega bara segðu viðkomandi hreint út að þér finnst hann leiðinlegur og langi ekki til að þekkja hann.

Beggi í Sóldögg
segir sögu frá
neonklúbbi í
Hamborg



ÁSTFANGINN AF BRASILÍSKRI DANSGYÐJU

Texti: Breki Logason
H&N-mynd: E.Ól.

Bergsveinn Arelíusson
Kynntist portkonum í Hamborg
með hljómsveitinni Sóldögg.

Hissa

„Við urðum fljótlega gáttaðir á því hversu mikillar kvenhylli þessi lopapeysuhljómsveit frá Íslandi naut en áttuðum okkur á því seinna meir að þetta voru auðvitað portkonur.“



Þetta var unglingahljómsveitin Sóldögg sem var þekkt fyrir allt annað en að vera komin í rúmið fyrir klukkan tíu á kvöldin. Við fórum til Hamborgar og eins og Reykjavík er borg óttans er Hamborg borg gyðjunnar.

Pegar til borgarinnar var komið var náttúrulega brugðið á leik og farið inn í Sao Paulo-hverfið sem er svona rauða hverfið þarna í Hamborg. Við urðum fljótlega gáttaðir á því hversu mikillar kvenhylli þessi lopa-

peysuhljómsveit frá Íslandi naut en áttuðum okkur á því seinna meir að þetta voru auðvitað portkonur. Og áhuginn var fyrst og fremst viðskiptalegs eðlis.

Það er eins með þessa sögu og allar góðar bransasögur að nöfnunum hefur verið breytt. Á ensku heitir þetta: „The names have been changed to protect the innocent.“

Þannig að við segjum bara að einn starfsmaður hljómsveitarinnar hafi orðið afskaplega ástfanginn inni á neonljósastað sem

Lengi í bransanum

Beggi hefur lengi verið einn besti söngvari þjóðarinnar.



„Fljótlega var hann búinn að stinga öllum evrunum sínum í sokkabuxurnar hjá henni og slá lán hjá öllum í hljómsveitinni.“

var við hliðina á klúbbnum sem Bítlnir spiluðu á í Hamborg. Sú heppna var stór, brasilísk, myndarleg kona, sem dansaði og fækkaði fötum með því.

Við skulum bara kalla þennan starfsmann Bobba rót og hann varð alveg sérstaklega hrifinn af þessari brasilísku danspiu. Fljótlega var hann búinn að stinga öllum evrunum sínum í sokkabuxurnar hjá henni og slá lán hjá öllum í hljómsveitinni. Hann var kominn langt út fyrir færeysku

fjárlögin og sokkabuxurnar hjá henni orðnar fullar af peningum.

Hún hélt þó áfram að fækka fötum og þegar síðasta þjatlun fór birtist stærsti tittlingur sem nokkur hafði séð. Þá var brasilíska danspían með stærra typi en allir í hljómsveitinni.

Ferðin kláraðist bara þarna enda sáum við þetta allir og það runnu að minnsta kosti sjö til átta grímur á alla liðsmenn hljómsveitarinnar.“

ERTU TÍK?

Það er ekkert leyndarmál að í hverri konu býr svolítil tík, sem endrum og sinnum sýnir sitt kvikindislega trýni. Spurningin er bara: Hversu mikil tík ert þú?

1. Þú hefur verið á skelfilegu deiti með manni sem

þú hefur nákvæmlega engan áhuga á að hitta aftur. Hvað gerir þú?

- Þú færð þig ekki til að hafna honum alveg, kannski gafstu honum sjálf líka dálítið undir fótinn. Þú gefur honum annan séns.
- Þú hringir og segir honum að þú viljir mun frekar eyða kvöldinu með 12 kyrkislöngum en sitja í aðra þrjá tíma á veitingahúsi með honum.
- Þú segist vera nýkomin úr sambandi og sért þar af leiðandi ekki ennþá tilbúin til að kasta þér út í neitt nýtt.
- Þú sendir tölvupósta til sam-eiginlegra kunningja og vina, þar sem þú ferð ekki leynt með hvað þér finnst um manninn. Vonar svo að hann frétti það.

2. Vinkona þín er að fara í veislu og fær lánaða hjá þér skyrtu. Þegar hún skilar henni játar hún afar leið að það hafi komið smá gat á flikina. Hvað gerir þú?

- Þér finnst þetta ergilegt, en svona lagað gerist nú.
- Þú sendir henni 7.000 króna reikning og hún má sko prísna sig sæla með það, því þessi skyrtu fæst ekki lengur í búðum.
- Þú hellir þér yfir hana og tilkynnir jafnframt að hún fái aldrei framar neitt að láni frá þér.
- Skiptir engu, skyrtan var hvort eð er gömul.

3. Vinnufélagi þinn og vinkona fékk stöðuhækkunina sem þú vonaðist eftir. Hún játar fyrir þér að hafa skáldað svolítið á ferilskránni sinni, hún hafi ekki þá kunnáttu sem starfið krefst.

- Þú sendir nafnlaust bréf til yfirmanns ykkar, þar sem þú kjaftar frá lygum vinnufélagans

4. Þú

● Því í fjáranum fékkst þú ekki starfið? Þú verður sjúklega afbrýðisöm og lofar sjálfri þér að verða betri til að selja sjálfa þig.

- Þér finnst frábært að hún sé svona dugleg að selja sig og hafi náð þessum frama.
- Þú segir henni að hún geti ekki leyft sér að ljúga svona. Játi hún ekki á sig brotið munir þú gera henni lífið leitt.

4. Það er miður mánuður og þú átt ekki aur. Þú biður foreldra þína um lán en þau svara því til að þú eigir að bjarga þér sjálf.

● Þú móðgast, þau eiga fullt af pening – og útsölur eru ekki á hverjum degi!

● „Leiðinda nískupúkar!“ öskrar þú áður en þú skellir á.

● Þú roðnar af skömm yfir að hafa spurt, þú ert ekki ungling-

og býrð þig undir að taka við starfinu þegar hún hefur verið rekin.

ur lengur. Þú sendir blóm sem afsökunarbeiðni.

● Þú lætur eins og þú skiljir afstöðu þeirra. Þau fara á elliheimili einn daginn. Þá hefur þú yfirhöndina.

5. Þú og kærastinn hafið ákveðið að eyða saman

kvöldinu. Hann afboðar á síðustu stundu til að horfa á boltann. Þú segir:

- „Ástin mín, allt í fína. Viltu að ég hafi mat tilbúinn þegar þú kemur heim?“
- „En við vorum búin að ákveða annað!“ segir þú fúl en brosir þó. Hann er jú

bara karlmaður.

● „Ó, ókei, góða skemmtun!“ segir þú sykursætt og planar hvernig þú getir hefnt þín.

● „Þú stendur aldrei við neitt, fíflað þitt! Ég fer þá á djammið, kannski finn ég einhvern betri!“

6. Röðin í Bónus gengur óheyrilega hægt. Þegar þú kemst loks að sérðu að kassadaman er með merki sem á stendur „Nýr starfsmaður“.

- Þú öskrar á hana að hún þurfi að taka sig á, líf þitt sé of stutt fyrir hennar tempó.
- Þú brosir og segir að lífið liggi nú ekki á.
- Þú biðst afsökunar á að hafa valið brokkólí með biluðu strika-merki og býðst til að ná í nýtt.
- Þú verður geðveikislega pirruð, stynur hátt og lítur á klukkuna á nokkurra sekúndna fresti.

7. Vinnufélagi þinn hringir sig inn veikan. Þú sérð hann í Smáralind seinna um kvöldið.

- Þú sendir yfirmanni ykkar tölvupóst og segir hann alls ekki hafa lítið veiklulega út.
- Þú hringir daginn eftir í hann og segir honum að taka sig á. Það sé nóg að gera.
- Þú gerir ekkert. Þetta kemur þér ekki við.
- Þú sendir blóm. Greyið hefur þurft að fá sér frískt loft.

● Mest af bleiku: Anti-tíkin:

Þú ert engin tík. Þú hugsar ekki illa til fólks. Komi fólk illa fram við þig beinir þú því inn á við í stað þess að reiðast. Um-burðarlyndi er aðdáunarvert en ekki láta ganga yfir þig. Láttu vita ef þér mislíkar eitthvað.

● Mest af grænu: Beint í andlitið-tíkin:

Þú ert hreinskilin og ekkert fer á milli mála hjá þér. Þú mættir kannski tjúna þig aðeins niður og gefa fólki tækifæri. Berðu virðingu fyrir skoðunum annarra. Það þurfa ekki allir að hafa sömu skoðun og þú.

● Mest af bláu: Semi-tíkin:

Þú vilt vera góð og gera hið rétta. En það er stundum erfitt og þú sendir smá eiturspílur frá þér. Ekki hafa samviskubít yfir því. Það er alveg í lagi að sýna tilfinningar. Svo lengi sem það fer ekki úr böndunum.

● Mest af fjólubláu: Undirfjólubláa tíkin:


Útavið virkar þú ljúf en undir niðri kraumar reiði og fýla. Vertu nógu hugrökk til að segja það sem þér finnst, það er miklu heiðarlegra. Það hlýtur að vera erfitt að vera alltaf svona fölsk.



Aðeins það besta fyrir baðherbergið



d line
Heimsklassa hönnun



ASETA

BYGGINGAVÖRUR BYGGINGATÆKNI

Tunguhálsi 19, 110 Reykjavík. Sími 533 1600
aseta@aseta.is www.aseta.is

Marsibil Sæmundsdóttir opnar fataskápin sinn

FINNST LEIÐINLEGT A

Ég skreyti mig mjög lítið. Ég er ekki mikið fyrir belti og skart og þvíumlíkt. Ætli ég klæði mig ekki frekar klassískt með smá töffaraivafi. Mér finnst eiginlega frekar leiðinlegt að versla, er algjör klaufi í því en ég á rosa góða vinkonu sem veit hvað mig langar í,“ segir Marsibil og hlær. „Ég tek hana með mér ef ég fer í búðir. Hún hjálpar mér að gera á einum degi það sem ég hefði kannski gert á þremur vikum,“ heldur hún áfram. „Mér finnst þægilegast að fara til útlanda að versla og versla þá mikið og helst klára það þar í stað þess

að þurfa alltaf að vera að rápa.“ Marsibil er í 3. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík í komandi borgarstjórnarkosningum. „Ég er mjög bjartsýn og þetta er spennandi, við finnum fyrir miklum meðbyr og fáum jákvæð viðbrögð hvert sem við förum. Það er líka mjög góður andi í hópnum sem mér finnst skipta máli. Mér fannst gáfulegra að reyna að hafa áhrif og gera gagn í stað þess að pirra mig á því heima í stofu sem mér fannst að mætti fara betur,“ segir Marsibil að lokum um hvað það var sem leiddi hana út í pólitíkina.

Texti: Berglind Halla Elfuðóttir H&N-myndir: Vilhelm



Sætir sandalar Silfur-litaðir sandalar úr Zöru.



Uppáhaldið Röndóttur jakki úr Zöru. „Þessi er í miklu upphaldi hjá mér núna.“



Klassísk skyrtu Blá- og hvítröndótt skyrtu úr Kúltúr.



Svört en sumarleg Svört skyrtu með stuttum ermum úr Zöru.



Flottir Brúnir skór úr Zöru.



Nýr kjóll Svartur kjóll úr Kúltúr. Marsibil er nýbúin að kaupa sér þennan.

D VERSLA

LÍFSSTÍLL

fataskápurinn

Klassískur töffari

Marsibil er hérna í hvítri skyrtu, gallabuxum úr Zöru, svörtu vesti úr Warehouse og svörtum hælaskóm úr GS Skóm.

Dúettinn Snooze tók upp glæsilegt myndband sem komið er í spilun

STELPURNAR RÚSTUÐU STRÁKUNUM

Keyrðir niður
Stelpurnar tóku
vel á strákunum.



Pað voru alveg 30–40 krakkar sem tóku þátt í myndbandinu og þemað var stelpur á móti strákum í fótbolta. Þetta eru allt stelpur sem spila í meistaradeildinni en strákarnir hafa aldrei spilað fótbolta áður,“ segir Brynjar Már Valdimarsson annar helmingur dúettsins Snooze um nýtt myndband hans. Dúettinn skipa Brynjar og kærasta hans Kristín Ýr Bjarnadóttir. Það var sjálfur Kalli Lú sem leikstýrði myndbandinu sem tekið var upp í Sporthúsinu í Kópavogi.

„Stelpurnar eru svakalega flottar í hlýrabolum og pilsum en strákarnir aðeins nördalegri. Þemað var svona að láta þær rústa þeim í fótboltanum og þær gerðu það alveg og hríntu þeim fram og til baka. Þeim var grýtt í gervigrasið aftur og aftur og einn var allur úti sárum í framan, enda var hann alltaf að henda sér í grasið og var alveg eldraður,“ segir Brynjar og hlær.

Myndbandið er við lagið Alla leið, sem er fyrsta lagið sem Snooze gefur út. „Það var nú demó með okkur sem lak á netið sem heitir Taktu mig. Það er furðulegur íslenskur texti en

er náttúrulega að amerískri fyrirmynd. X-ið og Xfm fengu þetta einhvern veginn og spiluðu lagið.“

Von er á plötu frá Snooze en Brynjar þorir ekki að segja hvenær hún kemur. „Við erum á fullu í stúdíói allar nætur og það er von á öðru lagi í júlí.“

Brynjar hefur lengi verið einn heitasti plötusnúður landsins og spilar mikið á skólaböllum. „Ég ætla nú bara að leyfa þessu pínulítið að próast og er meira að bíða eftir því að krakkarnir mæti með hljóðnema svo ég þurfi að syngja. Það er aðeins byrjað en ég ætla að leyfa eftirspurninni að koma áður en ég fer að gera þetta sjálfur.“

Sjálfstæðisflokkurinn í Kópavogi hefur keypt lagið og sett á disk sem á að dreifa í 2.000 eintökum núna fyrir kosningarnar. „Þetta er mjög smekklegr nálgun hjá þeim og ég aðstoðaði aðeins við að velja böndin á diskinn. Við reyndum að hafa þetta svona fersk bönd sem eru með nýtt efni,“ segir Brynjar Már sem ætlar að láta sumarið ráðst hjá Snooze í sumar.



Brynjar Már Hress við
tökur á myndbandinu.



Fríður hópur Stelpurnar í myndbandinu eru allar í meistaradeildinni.



Allt á fullu
Myndbandið er glæsilegt.



Myndataka Gassi tók fallegar myndir af Snooze.

„Þeim var grýtt í gervigrasið aftur og aftur og einn var allur út í sárum í framan, enda var hann alltaf að henda sér í grasið og var alveg eldrauður.“



Hópurinn Krakkarnir sem tóku þátt í myndbandinu.

Gæðahreinsun – góð þjónusta Þekking • Reynsla • Þjónusta

Skyrtupvottur / Dúkapvottur / Heimilispvottur

Hreinsum einnig sængur

Opið

mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00



Anna Björg Björnsdóttir datt
í lukkupottinn í Barcelona

HITTI JUAN PABLO MONTOKA



„Þetta var nú bara fyrir tilviljun. Við vorum að borða og hann var á næsta borði. Konan mín talaði aðeins við hann og við fengum eina mynd.“

Við áttuðum okkur ekki á honum fyrst en fannst þetta vera kunnuglegt andlit. Maður á ekki von á að sjá svona menn á almennum veitingastað daginn fyrir keppni,“ segir Haukur Björnsson, framkvæmdastjóri Eskju á Eskifirði. Haukur og eiginkona hans Anna Björg Björnsdóttir hittu Formúlu 1 kappann Juan Pablo Montoya í Barcelona á Spáni

fyrir stuttu. „Þetta var nú bara fyrir tilviljun. Við vorum að borða og hann var á næsta borði. Konan mín talaði aðeins við hann og við fengum eina mynd,“ segir Haukur kampakátur með kappann.

Montoya er einn þekktasti Formúlu 1 kappi í heimi og nýtur mikilla vinsælda í heimalandi sínu, Kólumbíu. Ekur hann fyrir McLaren-Mercedes-liðið og hefur

unnið nokkrar keppnir. „Já, ég fylgist nokkuð með Formúlunni en er ekkert harður aðdáandi,“ segir Haukur en Montoya keppti í kappakstri daginn eftir stundina með Íslendingunum.

„Það má segja að hann hafi farið alveg á taugum yfir þessu, því hann klúðraði öllum sínum málum þarna í keppninni,“ segir Haukur eldhress að lokum.

**Andrew
Mwesigwa er
nýr leikmaður ÍBV**

ÚGANDA- MAÐUR Í EYJUM

Flottur

*Andrew er gríðarlega
leikinn með boltann.*

Texti: Berglind Halla Elfudóttir
H&N-mynd: Hörður Sveinsson

„Ég þekki auðvitað mjög fáa hérna og veit svo sem lítið um það hvert er skemmtilegt að fara og hvað er gaman að skoða, en ég er spenntur fyrir því að kynnast fólki sem vill sýna mér landið.“

Andrew Mwesigwa er nýr leikmaður ÍBV í fótbolta. Hann er 22 ára og frá Úganda. Hann er fyrirliði landsliðs Úganda en landið tók í síðustu viku sæti Íslands á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnufélagssambandsins, FIFA. Hann var einnig fyrirliði SC Villa en þaðan var Andrew keyptur af ÍBV fyrir 225.000 krónur.

„Umboðsmanni mínum fannst að ég ætti að spila í öðru landi og ég var sammála því. Þetta er að mínu mati skref í rétta átt,“ segir Andrew sem gerði þriggja ára samning við ÍBV og reiknar með að vera út samningstíman ef allt gengur vel.

Andrew, sem hefur keppt í fótbolta í sjö ár, spilaði með undir 20 ára landsliðinu í heimalandi sínu og var ekki nema 17 ára þegar hann var settur í aðallandsliðið.

Kalt á Íslandi

„Ég er búinn að vera hérna í þrjár vikur og er farinn að venjast kuldanum, það er svo gott veðrið heim í Úganda. En sem betur fer er að hlýna en það var allt of kalt þegar ég kom. Ég hef líka heyrt að það sé rosaalega kalt hérna á veturna, ég kemst þá vonandi í eitthvað frí heim í hlýjuna,“ segir Andrew og hlær. Hann skildi kærustuna Doreen eftir og hlær. Hann skildi klárasta háskólanám. „Hún kemur vonandi hingað til mín næsta vetur þegar hún er búin með námið sitt.“

Ánægður en einmana

Andrew segist vera sáttur við liðið og segir alla hafa tekið vel á móti sér. „Það er gaman að sjá hversu eldri og reyndari leikmenn taka að sjá hversu strákunum vel. Þeir eru alltaf tilbúnir að gefa góð ráð og hjálpa okkur að æfa og verða betri í boltanum. Þeir eru ofsalega almennilegir við mig og eru duglegir að reyna að kenna mér íslensku. Segja mér hvað þetta og hitt þýðir. Ég hef ekki fundið fyrir neinum óþægindum síðan ég kom.“

Andrew hefur ekki skoðað sig mikið um ennþá en hefur mikinn áhuga á að kynnast landi og þjóð. „Ég þekki auðvitað mjög fáa hérna og veit svo sem lítið um það hvert er skemmtilegt að fara og hvað er gaman að skoða, en ég er spenntur fyrir því að kynnast fólki sem vill sýna mér landið. Mér finnst gaman að fara út að skemmta mér eftir leiki. Eins og er er ég mikið bara heima hjá mér en ég vona að það fari að breytast.“

Andrew er harðákveðinn í að gera góða hluti með liðinu í sumar og sparar ekki stóru orðin þegar árangur ÍBV er ræddur. „Við ætlum að rústa þessu,“ segir Andrew Mwesigwa eldhress í Vestmannaeyjum að lokum.

Í Vestmannaeyjum

Andrew segir kuldann mikinn en er þó sáttur með hlýnandi loftslag.

Andrew Mwesigwa
22 ára fyrirliði úganska landsliðsins í fótbolta..

Ætla að rústa þessu
Andrew hefur mikla trú á ÍBV í sumar.



Pizza Kostar of mikið að sögn Sirrýjar.

Okurverð „Par var afrísk baráttukona frá Sómalíu (minnir mig) að hefja herferð gegn okurverði á dömubindum.“

Sirrý talar um hugarfar

KVARTA MINNA OG STANDA BETUR SAMAN

Það er alveg merkilegt að ég fæ alltaf meiri viðbrögð við pistlunum ef ég gagnrýni eitthvað eða er neikvæð. Ef maður tuðar um rusl og drasl eða nöldrar út af fólki sem ekki skilar sínu, láta viðbrögðin ekki á sér standa. Hvað segir þetta manni? Að fólk vilji frekar að fjallað sé um eitt-hvað neikvætt? Viljum við frekar reiðilestur í blöðunum heldur en glaðan tón? Gaman væri að heyra skoðanir lesenda á því. Og meðan ég býð eftir skoðunum ykkar get ég alveg æst mig yfir hinu og þessu.

Fjölbreyttari máltíð

Hvers vegna kostar hvítt brauð með tómatsósu og kryddi, sem í daglegu tali kallast pizza, svona mikið? Ég lét undan þrýstingi frá 6 ára syni mínum og fór á Pizzastað. Þetta hvíta brauð (sem er næringarlítið en gerir mann uppþembdan), gos og ís fyrir börnin kostar yfir 6.000 krónur fyrir fjögurra manna fjölskyldu. Og hvers vegna þykir svona spennandi að borða hvítar brauðstangir með

sósu í forrétt og svo aftur hvítt brauð með tómatsósu og smá áleggi í aðalrétt? Það er ekkert grænmeti með þessu og þessi „þjóðarréttur“ inniheldur engar trefjar. Ég vil fjölbreyttari máltíð en þetta.

Réttlátur og frjór jarðvegur

Hvers vegna fer hinn gríðarlegi munur á kjörum fólks á Íslandi ört vaxandi? Samkvæmt rannsóknnum fræðimanna er Ísland að verða eins og Bandaríkin hvað varðar ójöfnuð! Viljum við ekki vera hnarreist velferðaríki? Samfélagið er jafn sterkt og veikasti hlekkurinn. Viljum við ekki að hér búi áfram stolt þjóð þar sem allir eru „kóngar“ og skipta máli í sínu umhverfi? Það hefur verið einkenni á samfélagi okkar að hér hefur fólk getað unnið sig upp og börn einstæðra láglaunakvenna hafa til dæmis átt sömu möguleika og aðrir á að verða menntaðir og vel settir, stoltir einstaklingar. (Mig minnir að þetta eigi við um Davíð Oddsson, Gunnar Smára Egilsson,

og dætur alþýðufólks sem urðu þingforsetar: Guðrúnu Helgadóttur og Sólveigu Pétursdóttur). Viljum við nokkuð að þetta breytest? Nei og því þarf jarðvegurinn að vera jafn, réttlátur og frjór.

Best að byrja á sjálfum sér

Já, ég get æst mig yfir stóru og smáu. Steytt hnefann út í loftið og skammast. En eitt hef ég lært af Stefáni Inga Stefánssyni framkvæmdastjóra Unicef á Íslandi, sem verður viðmælandi hjá mér í nýjum sjónvarpsþætti í sumar: „Vilji maður breyta heiminum er best að byrja á sjálfum sér.“

Og ég vil losa mig við neikvæðar hugsanir en berjast fyrir réttlæti. Ég vil nostra við jákvæðar hugsanir og horfa á það góða sem við höfum. Dæmi:

Uppvaskið og Afríka

Það standa yfir miklar framkvæmdir hjá mér og því hef ég enga eldhúsaðstöðu um stundarsakir. Þarf að bera leirtauið niður í þvottahús og bogra þar yfir uppvaski við heldur leiðin-

legar aðstæður. Ég var að spá í að verða fúl yfir þessu þegar ég mundi eftir barnmörgu konunni sem ég heimsótti í Keníu í Afríku fyrir nokkru. Hún hafði hvorki vask né rennandi vatn. Heldur þurfti að ganga í hálf tíma til að sækja vatn í ána – og passa sig á lífshættulegum flúm á leiðinni. Hér hefur maður heitt, rennandi vatn og vask.

Dömubindin og Sómalía

Margur getur pirrað sig á alls kyns smáatriðum en viðtalið sem ég heyrði á BBC um daginn fjallaði ekki um nein smáatriði. Par var afrísk baráttukona frá Sómalíu (minnir mig) að hefja herferð gegn okurverði á dömubindum. Kenía selur landinu hennar þessa nauðsynjavöru á uppsprengdu verði og við bættist gríðarleg verðbólga svo konurnar þurfa að borga þriðjung mánaðarlauna sinna fyrir pakka af dömubindum!!! Fæstar hafa efni á því svo þær nota dagblöð með prentsvertu sem ógnar heilsu þeirra. Á meðan getum við sviðið um með

Þar var afrísk baráttukona frá Sómalíu (minnir mig) að hefja herferð gegn okkurverði á dömubindum. Kenía selur landinu hennar þessa nauðsynjavöru á uppsprengdu verði og við bætist gríðarleg verðbólga svo konurnar þurfa að borga þriðjung mánaðarlauna sinna fyrir pakka af dömubindum!!!



óteljandi tegundir af dömubindum með vængjum.

Andlitslausa stúlkan í Kína

Hér erum við íslensku konurnar að velta fyrir okkur hrukkum eða aukakílóum. Sumar fara í aðgerðir til að lækna öll „lýti“. En í Kína sá ég eitt sinn andlitslausa stúlku. Hún hafði misst húðina og allt andlitið í bruna. Maður öskraði upp yfir sig þegar maður sá þennan hrylling. Stúlkan þarf að ganga svona brennd í gegnum lífið og mæta stöðugt angistarveinum.

Hún hafði ekki aðgang að heilbrigðiskerfi á heimsmælikvarða eins og við.

Ég bara verð að viðurkenna það að mér finnst að við ættum að kvarta minna en standa betur saman. Hér á Íslandi gætu allir haft það gott ef við höfum þjóðarsátt um jöfnuð og réttlæti.

Kveðja,
Sirry@365.is

Börn einstæðra láglaunakvenna

„Það hefur verið einkenni á samfélagi okkar að hér hefur fólk getað unnið sig upp og börn einstæðra láglaunakvenna hafa til dæmis átt sömu möguleika og aðrir á að verða menntaðir og vel settir, stoltir einstaklingar.“

Pípari á Porsche!



Nokkur ár „Maður er nokkur ár að vinna fyrir svona bíl ef maður er iðnaðarmaður.“



Filar sveitina „Ég er svona hæglyndismaður. Ég nýt mín betur í sveitinni.“

Hið margumtalaða góðæri er á allra manna vörum um þessar mundir. Efa-
hyggjumenn eiga það til að draga þetta blessaða fyrirbæri í efa en nú eru loks komnar beinhardar sannanir. Helgi Már Björnsson er pípulagningameistari með meiru og starfar á Suðurlandi. Hann lét nýverið gamlan draum rætast

og fjárfesti í Porsche-bifreið fyrir litlar 40 milljónir. „Mig langaði í hann“ segir Helgi „Það er engin önnur ástæða fyrir þessu“.

Bíllinn malar

Bíllinn kom til landsins síðastliðinn föstudag og var Helgi ekki lengi að prufukeyra gripinn. „Jú, jú, ég er búinn að því.

Bíllinn hljómar vel. Hann malar mjög fallega.“ Aðspurður um hversu lengi það tæki pípulagningamann að vinna fyrir slíkri lúxusbifreið svarar Helgi og hlær. „Það eru ansi margir kílómetrar af pípum sem maður þarf að leggja. Tugir kílómetra, hugsa ég. Maður er nokkur ár að vinna fyrir svona bíl ef maður er

iðnaðarmaður. Það væri kannski öðruvísi ef maður væri einhver bisnisskall.“

Vinnur dag og nótt

Gamli bíllinn sem Helgi var á var einnig Porsche og má með sanni segja að hann sé búinn að vera með veikan blett fyrir bíla- tegundinni í lengri tíma.

Helgi Már Björnsson, pípulagningameistari,
fjárfesti á dögnum í 40 milljóna króna Porsche

GÓÐÆRIÐ KEMUR TIL VERKAMANNA



Flottur Helgi Már Björnsson pípulagningameistari keypti sér 40 milljóna króna Porsche.

„Jú. Ég losaði mig nú við hann þegar ég fékk nýja bílinn. Ég þarf ekki nema einn bíl í einu. Annars er ég bara á bíl konunnar eða fyrirtækisbílnum. Þessi er dældið spari.“

Helgi staðfestir grunsemdir okkar Íslendinga um að góðærið sé svo sannarlega komið í bili. Hann vinnur myrkranna á

milli ásamt hinum meisturunum í Pípulagningum Helga ehf. „Það er búinn að vera mikill uppgangur í byggingariðnaðinum. Ég vinn náttúrulega dag og nótt líkt og aðrir iðnaðarmenn. Þetta er ekkert annað en góðærið. Ef það væri ekki nóg að gera væri maður ekki að fjárfesta í svona.“

Fílar sveitina

Helgi er fæddur og uppalinn á Selfossi og situr bærinn næst hjartanu. „Það er voða mikið af fólki sem er að flytja hingað og til Hveragerðis úr bænum. Þetta er miklu rólegra hérna. Það er náttúrulega ekki verandi í þessari höfuðborg lengur. Ég kem þangað eins sjaldan og ég get

og þegar ég fer þaðan þá er ég alltaf feginn. Það er svo mikill asi og stress á fólki. Ég er svona hæglyndismaður. Ég nýt mín betur í sveitinni.“ Engu að síður játar Helgi að hann freistist til að taka einn rúnt niður Laugavegin.



Söngvarinn Gísli Hvanndal frá Ólafsfirði sló í gegn í Idolinu og vakti enn meiri athygli með laginu Álfar. Hann hefur lengi stefnt á að koma út plötu en það hefur tafist vegna aðgerðar sem hann fór í. Lét hann minnka á sér magann en það er bara eins og hver önnur megrun að hans sögn. Hér & nú spjallaði við Gísli um tónlistina, magaminnkunina og betri heim.

„Ég var að koma úr magaminnkun. Mér var sleppt degi fyrir því ég jafnaði mig svo fljótt,“ segir söngvarinn Gísli Hvanndal frá Ólafsfirði. Flestir muna eftir Gísli úr Idolinu en hann gerði einnig garðinn frægan með laginu Álfar síðasta sumar. „Ég þarf að vera hérna næstu tvær vikurnar undir eftirliti ef það skyldi eitthvað koma upp á. Það eru margir sem þurfa að vera á spítala í nokkra mánuði en ég jafna mig fljótt,“ segir Gísli sem ætlar að vera á Fosshóтели við Rauðarárstíg næstu tvær vikurnar. Þar situr hann á her-

Tekur tíma

„Ég er bara að reyna að finna mig í tónlistinni og það getur tekið tíma að finna hvaða braut maður á að feta í þessu.“

**Söngvarinn
Gísli
Hvanndal
fór í
megrun
og ætlar
að byrja
nýtt líf**

bergi sínu með gítarinn og var hann nýbúinn að semja lag þegar Hér & nú náði af honum tali. „Það fjallar bara um betri heim.“

Nýtt líf

Aðgerðin sem Gísli var að koma úr er nokkuð stór því maginn er minnkaður um 90-95% að sögn Gísla. „Einnig er talsverð stytting á þörmum. Þetta er bara hjálpartæki við að greinnast og er í raun bara megrun. Ég drakk bara vatn í fjóra daga með næringu í æð, en er nú farinn að drekka jógúrtvökva sem ég geri næstu þrjár vikurnar,“ segir Gísli sem fíkrar sig svo áfram í mataræðinu.

„Ég vildi gera þetta vegna þess að mig langar að koma mér á framfæri í tónlistinni í framtíðinni. Þetta þjakaði mig og ég var mjög óöruggur alltaf þegar ég kom fram. Mér leið ekki vel með þetta en það er

Framhald á
næstu síðu



Nýr
maður!

Með gítarinn

Gísli er mikill tónlistarmaður og hlakkar til sumarsins.



LÉT Á SÉR MINNKA MAGANN

Texti Breki Logason
H&N-mynd Stefán

Gisli Hvanndal
Fór í magaminnkun
og lét minnka mag-
ann um 90-95%.

**„Einnig er tals-
verð stytting á
þörmum. Þetta
er bara hjálp-
artæki við að
grennast og
er í raun bara
megrun.“**



kannski bara vitleysa. Ég ákvað samt að gera þetta og hef bara hafið nýtt líf," segir Gísli sem hefur mikla trú á aðgerðum sem þessum.

Ísland framarlega í þessum aðgerðum

„Ég byrjaði að pæla í þessu í janúar í fyrra og fékk þá viðtal við Hjört Gíslason sem sérhæfir sig í svona aðgerðum. Síðan fór ég í fyrirmeðferð í Krist-

nesi á Akureyri og léttist um níu kíló enda var ég að hjóla á fullu. Það er skilyrði áður en maður fer í svona aðgerð en síðan var ég búinn að bíða lengi eftir að komast að.

Gísli segir Hjört Gíslason og Björn lækni vera algjöra snillinga. „Ísland er mjög framarlega í svona aðgerðum og kemur fólk alls staðar að úr heiminum. Dánartíðni er engin og mér líður mjög vel.“

áður en ég gæfi út plötuna. Ég vildi fara í desember en það eru svo margir sjúklingar með sykursýki og annað sem ganga fyrir. Þetta er hins vegar besti dagur lífs míns," segir Gísli greinilega hæstánægður með ákvörðunina.

„Ég lít bara á þetta sem nýtt líf og fer glaður inn í sumarið. Ég hlakka mikið til blúshátíðar sem haldin verður á Ólafsfirði í lok júní þar sem ég mun koma fram," segir Gísli en blúshátíðin er árlegur viðburður á Ólafsfirði. „Ég tek eitthvað frumsamið úr öllum áttum. Ætli ég verði ekki eitthvað einn með gítarinn en svo líka með einhverja tónlistarmenn með mér. Ég er bara að reyna að finna mig í tónlistinni og það getur tekið tíma að finna hvaða braut maður á að feta í þessu.“

„Ég hef verið að bíða vegna þess að ég ákvað að fara fyrst í aðgerðina áður en ég gæfi út plötuna.“

Platan frestaðist

Plata sem Gísli hefur lengi ætlað að gefa út frestaðist vegna aðgerðarinnar.



Spilar á blúshátíð

Gísli segir biðina eftir aðgerðinni hafa tafið útgáfu plötu sem hann hefur lengi gengið með í maganum. „Ég hef verið að bíða vegna þess að ég ákvað að fara fyrst í aðgerðina



Lengi ætlað

Gísli fékk hugmyndina að aðgerðinni í janúar í fyrra en komst ekki að fyrr en nú.





Samfylkingin | Reykjavík 2006

Borgarstjórnarkosningar
27. maí

Kjósum borgarstjóra

Við treystum Degi B. Eggertssyni og Samfylkingunni best til
þess að leiða áframhaldandi uppbyggingu Reykjavíkur.



KARL TH. BIRGISSON
BLAÐAMAÐUR



BRAGI ÞORFINNSSON
ALÞJÓDLEGUR SKÁKMEISTARI



BRAGI ÞÓR HINRIKSSON
KVIKMYNDAGERÐARMADUR



BJARNI LÁRUS HALL
HEIMSPEKINEMI OG SÖNGVARI



ELLERT B. SCHRAM
FYRIRV. FORSETI ÍSÍ



EVA KAABER
FULLTRÚI



DAGBJÖRT HÁKONARDÓTTIR
LAGANEMI



GUÐNÝ ELLA THORLACIUS
NEMI



GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
FYRIRV. FORSTÖÐUKONA



ÓLAFUR H. TORFASON
KVIKMYNDAGAGNRYNANDI



HLÍN GUÐJÓNSDÓTTIR
IDJUPJÁLFI



HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR
FORSTÖÐUKONA



VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR
LEKTOR VIÐ KHÍ



JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR
ALÞINGISMAÐUR



SIGURÐUR BESSASON
FORMAÐUR EFLINGAR



HELGA MARÍA BRAGADÓTTIR
VERSLUNAREIGANDI



ORRI PÁLL DÝRASON
TROMMULEIKARI



HANNAR B. ARNARSSON
FORSTÖÐUMAÐUR



HÖRÐUR SVEINSSON
LJÓSMYNDARI



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON
TÓNLISTARMAÐUR



ÞÓRHALLUR SKÚLASON
TÓNLISTARMAÐUR



ARNÞRÚÐUR EINARSDÓTTIR
BÓKASAFNSFRÆÐINGUR



ÁGÚST BENT SIGBERTSSON
LISTAMAÐUR



KRISTÍN Á. ÓLAFSDÓTTIR
FYRRV. BORGARFULLTRÚI



BJÖRN B. BJÖRNSSON
LEIKSTJÓRI



SARA EYÞÓRSDÓTTIR
VERSLUNAREIGANDI



ARNA H. JÓNSDÓTTIR
LEKTOR



EYJÓLFUR GUÐMUNDSSON
HEILSUGÆSLULÆKNIR



ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR
FYRIRSÆTA



FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON
BLAÐAMAÐUR



GÍSLI SIGURÐSSON
ISLENSKUFRÆÐINGUR



TÓMAS R. EINARSSON
TÓNLISTARMAÐUR



GUÐMUNDUR GEORGGSSON
LÆKNIR



HALLDÓR GUÐMUNDSSON
RITHÖFUNDUR



EINAR MÁR GUÐMUNDSSON
RITHÖFUNDUR



SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR
RITSTJÓRI



HECTOR ANGARITA
VERKFRÆÐINGUR



Lovísa Elísabet Sigrúnardóttir eða Lay Low, eins og hún kallar sig, er án efa ein duglegasta tónlistarkona landsins. Hún spilar gjarnan á tveimur tónleikum á einum degi, er í fullri vinnu og er sjarmerandi í þokkabót.

KRÚTTIÐ KASSAGÍTARINN

Texti Þórarinn Ingi Jónsson
H&N-mynd Valli

Lovísa Elísabet
Trúbador og söngkona Benny
Crespo's Gang.

Forsvarsfólk hinnar svokölluðu krúttkynslóðar á það gjarnan til að vera dæskoti krúttleg. Þetta má með sanni segja um hana Lovísu Elísabetu Sigrúnardóttur. Stúlka þessi þenur raddböndin með hljómsveitinni Benny Crespo's Gang og rokkar tónleikagestum líkt og hvirfilvindur. Hún hefur einnig verið að vekja mikla athygli í höfuðstaðnum sem trúbador. Þá gengur hún undir listamannsnafninu Lay Low og plokkar strengina af mikilli list.

Eiginlega bara indí

Síðastliðinn föstudag stóð Lovísa heldur betur í ströngu. „Ég kom fram á [skemmtistaðnum] Nasa. Ég gerði eiginlega bæði: Ég spilaði fyrst bara mína tónlist og söng svo líka með bandinu. Síðan spila ég bæði í Stúdentakjallaranum og á Kaffi Hljómalind annað kvöld. Á þeim tónleikum verð ég einnig með nokkrum erlendum tónlistarmönnum: Mount Eerie, stelpu sem kallar sig Woelv og svo Micah Blue Smaldone. Tónlistin sem þetta fólk spilar er svona rólegt kántrí-blús. Eiginlega bara indí.“

Afkvæmi Cash og Cat Power

En hvaðan kemur þessi ósvalandi áhugi á tónlistargjöfunni? Er þetta uppeldið? „Nei, eiginlega ekki. Þetta hefur bara þróast með árunum. Ég lærði á píanó þegar ég var lítil og hef verið að bæta á mig hljóðfærum síðan þá. Ég er aðallega bassaleikari en spila líka á píanó og gítar.“ Fyrir þá sem ekki þekkja til, hljómar Lay Low líkt og ef Johnny Cash og Cat Power eignuðust saman stúlkubarn. „Já, tónlistin sem ég er mest í er svona alþýðutónlist og kántrí og blús. Bara einhver blanda.“

Strákamálin

Lovísa nældi sér í stúdentspróf frá Menntaskólanum í Hamrahlíð, líkt og helstu tónlistarmenn þjóðarinnar. Eftir skólann fluttist hún búferlum til Selfoss þar sem hún bjó með þáverandi kærasta sínum, Magnúsi Árna. Það mun samt gleðja reykvíska karlmenn að heyra að Lovísa er einhleyp, flutt aftur á mölina og vinnur á Þjóðskjalasafninu. Aðspurð um strákamálin svarar hún afar vandræðalega „Nei, eða ... það er nú enginn sem ... nei, það er enginn sérstakur strákur í sigtinu hjá mér.“



Trúbador

„Já, tónlistin sem ég er mest í er svona alþýðutónlist og kántrí og blús. Bara einhver blanda.“

Sæt!

Lay Low

„Fyrir þá sem ekki þekkja til hljómar „Fyrir þá sem ekki þekkja til hljómar Lay Low líkt og ef Johnny Cash og Cat Power eignuðust saman stúlkubarn.““



„Já, tónlistin sem ég er mest í er svona alþýðutónlist og kántrí og blús. Bara einhver blanda“



Fyrirgefðu!

Gummi Jóns *Er að gefa út sína aðra sólóplötu.*

Gummi Jóns úr Sálinni gefur út sína aðra sólóplötu

TRÚIR Á FYRIRGEFNINGUNA

„Mér finnst mjög gott að spila úti á landi og í raun betra en hérna í Reykjavík því maður finnur fyrir svo miklu þakklæti frá fólki þar. Mér finnst fólk í Reykjavík líka ekki nægilega duglegt að koma sér út úr húsi.“



Trúir á fyrirgefninguna „Þetta er svona það sem stendur hjarta mínu næst, bæði persónulega og það sem ég vil syngja um og svona í gegnum aðra.“

Guðmundur Jónsson aðallagasmíður og gítarleikari Sálarrinnar hans Jóns mín, eða Gummi Jóns eins og hann er jafnan kallaður hefur unnið að annarri sólóplötu sinni, Jaml, síðan Sálin hans Jóns mín fór í frí um síðustu áramót. Gummi semur öll lögin og alla textana á plötunni, auk þess sem hann sér um allan hljóðfærslátt og upptökur sjálfur.

Ég er með svona lítið og frumstætt stúdíó hérna heima hjá mér þar sem ég tók þetta upp. Það var mikill heimilisiðnaður í gangi við gerð plötunnar,“ segir Gummi og hlær. Fyrsta lagið af disknum er að koma í spilun þessa dagana en það ber heitið Fyrirgefðu. „Lagið fjallar um fyrirgefningar sem slíkar, ekki eitthvað persónulegt uppgjör. Ég trúi mikið á fyrirgefninguna og mig langaði að semja lag um það. Þetta er svona það sem stendur hjarta mínu næst, bæði persónulega og það sem ég vil syngja um og svona í gegnum aðra.“

Engin dagbókarpæling

Gummi segir þetta vera persónulega plötu en um leið að hún sé ekki nein dagbókarpæling með játningum. „Mér finnst bestu sólóplöturnar oftast þær þar sem menn hafa verið að kafa svolítið í sjálfa sig, bæði hvað varðar músik og texta. Maður þarf að gefa svolítið af sjálfum sér. Þegar ég gaf út fyrstu sólóplötuna mína fyrir tveimur árum fór ég í svona túr einn um landið og það má segja að platan sé svolítið lituð af þessu ferðalagi. Mér fannst mjög gott að vera svona einn með gítarinn og efnið á þessari plötu er mun lágstemmdara en ég er vanur að gera,“ segir Gummi.

„Mér finnst mjög gott að spila úti á landi og í

raun betra en hérna í Reykjavík því maður finnur fyrir svo miklu þakklæti frá fólki þar. Mér finnst fólk í Reykjavík líka ekki nægilega duglegt að koma sér út úr húsi.“

Vantaði þægilega innivinnu

Það hefur verið í nógu að snúast hjá Gumma við að koma plötunni frá sér undanfarið en hann vinnur líka hálfan daginn sem tækniteiknari hjá Verkfræðistofunni Höfn. „Ég ákvað fyrir tveimur, þremur árum að læra þetta. Mig vantaði einhverja þægilega innivinnu,“ segir hann og hlær. „Ég er náttúrulega búinn að vera að spila með hljómsveitum frá því ég fermdist og byrjaði að spila á böllum þegar ég var 16 ára. Síðustu ár hef ég verið að einbeita mér að því að semja og flytja mína tónlist. Ég er þannig stemmdur núna að það er voðalega gott að hafa einhvern fastan punkt í deginum og hitta fólk og tala um eitthvað annað en tónlist. Gera eitthvað annað en að kafa í sjálfan sig endalaust. Maður getur orðið svo sjálfhverfur og vitlaus af því.“

Platan kemur í verslanir 10. júní og ætlar Gummi í kjölfarið að fara í tónleikaferð um landið til að kynna plötuna. Sálin hans Jóns mín fer svo aftur af stað seinna í sumar svo það er spennandi sumar framundan hjá Gumma og óskar Hér & nú honum innilega til hamingju með plötuna.



Texti: Berglind Halla Elfundóttir H&N-mynd E.óI



Uppistandarar styrkja gamalmenni með gríni

ERUM EKKI FYNDNIR TIL AÐ VERÐA RÍKIR

Gjafabréfið Rökkvi og Oddur afhenda hjúkrunarheimilinu Eir gjafabréfið.

Við vorum með góðgerðaruppistand núna í byrjun maí þar sem við söfnuðum fyrir dagdeild hjúkrunarheimilisins Eir,“ segir Oddur Eysteinn Friðriksson grínari. Hann, ásamt Rökkva Vésteinssyni, hélt kvöldið þar sem Björk Jakobsdóttir, Oddur og Þórhallur Þórhallsen komu fram. „Á þessari deild dvelja aldraðir, sem eru minnisjúkir, á daginn. Ég þekki þetta svolítið því afi minn er þarna,“ segir Oddur en alls söfnuðust 48 þúsund krónur.

„Par af keypti SS tuttugu miða og borgaði fyrir plakötin hjá okkur. Þeir hafa styrkt okkur en við höfum alls haldið sex góðgerðaruppistönd.“

Strákarnir velja málefni til þess að styrkja af handahófi en þeir hafa meðal annars styrkt flogaveika, krabbameinssjúk börn, Geðhjálp og Barnspítala Hringins. „Að meðaltali hafa alveg verið að mæta um hundrad manns og þetta er alltaf á


Gauknum. Við höfum líka fengið fræga uppistandara eins og Stein Ármann, Davíð Þór og Bjarna töframann til þess að vera með okkur.“

Strákarnir ætla að taka sér fri í sumar en þeir eru með slatta af efni á dagskránni og gætu líklega verið hátt upp í klukkutíma á sviðinu enda orðnir nokkuð vanir í þessum bransa.

En af hverju alltaf góðgerðaruppistönd?

„Það er nú bara vegna þess að okkur langar að styrkja góð málefni og erum í þessu fyrst og fremst vegna þess að þetta er gaman. Við erum ekki að reyna að vera fyndnir til þess að verða ríkir.“

Strákarnir afhentu gjafabréf sem þeir fengu í Á. Guðmundssyni fyrir ágóðann af uppistandinu. „Við spurðum hvað vantaði á deildina og þau nefndu skilrúm. Það vantar eitthvað til þess að hólfa betur niður fyrir einstaklinga á hvíldarsvæðum og öðru.“



Skilrúm „Við spurðum hvað vantaði á deildina og þau nefndu skilrúm. Það vantar eitthvað til þess að hólfa betur niður fyrir einstaklinga á hvíldarsvæðum og öðru.“



Oddur Eysteinn
Safnaði ásamt félagasinum 48 þúsund krónum fyrir dagdeild hjúkrunarheimilisins Eir.

„Við höfum líka fengið fræga uppistandara eins og Stein Ármann, Davíð Þór og Bjarna töframann til þess að vera með okkur.“

60% MARKAÐSHLUTDEILD Á ÍSLANDI ÁRIÐ 2004

MANITOU skotbómulyftarar - Þarfur þjónn, sem uppfyllir ströngustu gæði og væntingar þeirra kröfuhörðustu.

HANN ER GRIMMUR!

MANITOU MLT 634 TURBO INTERCOOLER

SKOTBÓMULYFTARI

Fjórhjóladrifinn

Fjórhjólástýrður

Lyftigeta: 3.400 KG

Lyftihæð: 6.050 MM

Gafflar: 1.200 MM

Vél: Perkins Turbo intercooler, 123 HÖ

LOAD SENSING!! Samtímis glussahreyfingar án aukins snúningshraða vélar.



- VIÐURKENND VARAHLUTAPJÓNUSTA í 44 ár
- Útvegum notaða skotbómulyftara
- Úrval notaðra lyftara á lager



PON PÉTUR O. NIKULÁSSON ehf.

Melabraut 23 • 220 Hafnarfjörður
Símar 552 2650 & 552 0110 • FAX: 552 1588 • e-mail: pon@pon.is

SKEMMTILFGASTA SPURNINGAKEPPNI Í HEILVÍ

SPURNINGAKEPPNIN SPURÐU VIN ÞINN



1. Hver er höfuðborgin í Albaníu?
2. Hver er eiginkona Johns Travolta?
3. Hvaða hljómsveit gaf út plötuna Get Behind My Satan?
4. Hvernig er fáni Kúbu á litinn?
5. Hvað heitir fellibylurinn sem skall á Kína í síðustu viku?
6. Hver skrifaði bókina Rainmaker?
7. Hver er Sacha Baron Cohen?
8. Hvað létust margir í snjóflóðunum á Súðavík og á Flateyri árið 1995?
9. Hvað heitir hæsti tindur Afríku?
10. Hvers lenskur er knattspyrnumaðurinn Samuel Eto'o?
11. Hvers dóttir er Hildur Vala?
12. Hvað heitir framkvæmdastjóri Ungfrú Ísland-keppinnar?
13. Númer hvað er Angólamaðurinn og knattspyrnumaðurinn „Akwa“ Maieco?
14. Hvert er póstnúmerið í Grafarholti?
15. Hver er heilbrigðisráðherra?
16. Hvað eru margir rauðhærðir í ríkisstjórn?
17. Hver söng Eurovision-lagið Sjúbídú?
18. Hverjir eru Íslandsmeistarar í handbolta?
19. Undir hvaða nafni gengu finnsku Eurovision-keppendurnir í ár?
20. Hver er í 3. sæti á framboðslista Framsóknarflokksins í Reykjavík?



Meðalskorið í þessari spurningakeppni er 10

RETT SVÖR

11. Einarisdóttir
12. Elín Gestisdóttir
13. Tíu
14. 113
15. Sív Friðleifsdóttir
16. Enginn
17. Anna Mjöll Ólafsdóttir
18. Fram
19. Lordi
20. Marsbíl Sæmundsd.

1. Tirana
2. Kelly Preston
3. White Stripes
4. Blár, hvítur og rauður
5. Chanchun
6. John Grisham
7. Allí G.
8. 34
9. Killmanjaro
10. Kamerún

Oddný talar um mat, sveitalíf, skáta og hljómborðsleik.

1. Mjaltakona.

Ég var í sveit sem stelpa, hörkudugleg mjaltakona á Mýrunum. Mér var þískað út og ég dýrkaði sveitalífið.

2. Verpir börnum.

Ég var með gesti í mat þann 10. maí árið 2005 og eldaði spaghetí bolognese sem lukkaðist ágætlega. Ég gekk frá diskunum í vélina og eignaðist dóttur mína einum og hálfum klukkutíma síðar. Ég fæði ekki börn, ég verpi þeim.

3. Orðaleikir.

Ég er fáránlega góð að snúa orðum við og segja þau aftur á bak. ajkriksmírgllaH.

4. Eitt sinn skáti...

Ég er vígður skáti.

5. Í hljómsveit.

Ég spilaði á hljómborð í Ensími í tvö ár og ætla einmitt að troða upp með þeim á útíðónleikum Samfylkingarinnar á Ingólfstorgi þann 25. maí klukkan 16.

6. Gömul kona

Ég hlakka til að verða gömul kona.

7. Talar við sig.

Ég tala upphátt við sjálfa mig, hvar sem er og hvenær sem er.

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

BORÐAR HRATT OG MIKIÐ

8. Kann ekki að mála sig.

Ég kann ekki að mála mig og fékk mér göt í eyrun þegar ég var 23 ára.

9. Pólitískt barn.

Ég hafði gríðarlegan áhuga á

pólitík sem barn, svo mikinn að ég held að foreldrar mínir hafi haft áhyggjur af mér.


10. Mathákur

Ég borða mjög hratt og mjög mikið.



HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.34



LÁRÉTT

- 1 SÆTI (3)
- 4 KÆRLEIKUR (3)
- 7 ERINDI (4)
- 9 NUDDA (3)
- 11 ROTINN (6)
- 13 HELMINGUÐ (4)
- 16 UMMÆLIN (5)
- 17 TVEIR EINS (2)
- 19 FÆÐU (3)
- 20 VIII (4)
- 22 ÁSAMT (5)
- 24 MJÖG (4)
- 26 UMRÖT (4)
- 28 STJÓRNA (4)

- 29 HELGIMYNDIR (5)
- 31 HRÓS (3)
- 33 MÁL (3)
- 34 VÖRUMERKI (2)
- 35 YFIRHÖFN (4)
- 37 YFIR RÚM (3)
- 39 TVEIR EINS (2)
- 40 PLANTA (6)
- 42 DANS (4)
- 44 ÖRN (3)
- 46 STEINTEGUND (4)
- 48 KUSK (2)
- 50 SÍTT (5)
- 53 ÁI (3)
- 54 HEIMILI (4)

- 56 FLAN (3)
- 58 SEYTLAR (4)
- 60 UTAN (2)
- 61 BOR (2)
- 62 SLÉTTA (5)
- 64 JAFNVEL (3)
- 65 UM FRAM (4)

LÓDRÉTT


- 1 SÆDISKIRTLAR FISKIS (4)
- 2 TVEIR EINS (2)
- 3 TRAUST (3)
- 5 FORM (4)

- 6 LAND (5)
- 8 SLÚTA (5)
- 10 NÚMER TVÖ (5)
- 12 RUSL (5)
- 14 ÁREYNSLA (4)
- 15 HLJÓTA (2)
- 18 TEITI (5)
- 19 SKÓLI (2)
- 21 PREP (6)
- 23 PROT (3)
- 25 ÖSKUR (4)
- 27 BERGTEGUND (3)
- 30 LÆRDÓMUR (3)
- 32 FLEY (3)
- 34 KLÆÐI (4)

- 36 Í ANDLITI (4)
- 38 ÍSSKÁPUR (5)
- 40 ÞESSI (3)
- 41 RAFMAGN (6)
- 43 HYLUR (3)
- 45 GUÐ (2)
- 47 DÝRKA (5)
- 49 EKKI ÞESSAR (5)
- 51 JURT (4)
- 52 STEINTEGUND (4)
- 55 KOMST (4)
- 57 SÆ (3)
- 59 SAMTÖK (2)
- 63 FRÁ (2)
- 64 HVORT (2)

Vinstri græn í Kópavogi

Fyrir fólk - Með fólki



Ólafur Þór Gunnarsson
Nr. 1 í Kópavogi
Kröftug rödd VG í bæjarstjórn

- Gjaldfrjálssir leikskólar strax
- Hættum allri gjalddöku í grunnskólum
- Bætt kjör starfsmanna bæjarins
- Heildstæða stefnu í öldrunarmálum með þátttöku eldri íbúa Kópavogs
- Kvenfrelsisstefnu fyrir Kópavog



- Stuðningur við fjölskyldur, besta forvörnin
- Hámark á bekkjarstærðir í leik- og grunnskólum
- 500 milljón króna stofnframlag til Sunnuhlíðar
- Gegnsæja stjórnsýslu -spilin á borðið
- Kópavogur verði fyrsta sveitarfélagið sem markar sér stefnu í geðheilbrigðismálum



Guðbjörg Sveinsdóttir
Nr. 2 í Kópavogi
Bærinn er samfélag, ekki fyrirtæki!

vinstri græn – hreinar línur

hér&nú

STÚLKAN

Magnea
Jónína
Ólafsdóttir
17 ára

Magnea Jónína Ólafsdóttir er 17 ára og er í Verzlunarskóla Íslands. Í sumar ætlar hún að vinna í Foldaskála í Grafarvogi og njóta lífsins. Áhugamál hennar eru strákar og djammið. „Og auðvitað að kaupa föt í 17.“ Magnea er á lausu.



Nytt
Nytt
Nytt

Live
your life



LAMISIL®

TERBINAFINE

...einu sinni á dag í eina viku drepur fóttsveppinn

Morgunblaðið · 1 apríl

Rannsókn sýnir að fóttsveppir eru miklu
algengari í karlalefum sundlauga

Stærri fætur karlmanna gætu haft áhrif

Um 65% sundlaugargesta voru
karlar og 26% þeirra voru smituð

STEIR Binnar Pálmason

er, eru þau fæturhrem og algengi
laga lens við sveppasmituð. Smíð
húð. Þetta ástand varð þó ekki breytt

Klæjar þig í tærnar?

Gætu það verið fóttsveppir?

Fæst án
lyfseðils

Einu sinni á dag í eina viku drepur fóttsveppinn!





Live

Jennifer Lopez

new
new

Hrein húð - tær snilld!



Hreinsar burt fitu og óhreinindi
úr húðinni og dregur úr bólumyndun

